

SIRKUS^{RVK}

4. NÓVEMBER 2005 | 20. VÍKA


+ ALLT SEM ÞÚ
ÞARFT AÐ VITA
UM GRÆJUR

HERRA SILLA

EINA UPPGÖTVUNIN
Á AIRWAVES

- KRUMMI ER MÆTTUR Í ELVIS
- TÝPURNAR Í REYKJAVÍK
- JÓN ATLI SAMUR VIÐ SIG
- MÓTMÆLI FYRR OG SÍÐAR
- BRYNJA BJÖRK TJÁIR SIG
- SÓDÓMA REYKJAVÍK
- ÓÞÖRFUSTU KAUPIN MÍN

ISSN 1670-6005



KR. 300

Við erum Jumbo!

Síðan 1983 höfum við hjá Jumbó samlokum, smurt samlokur fyrir svanga Íslendinga. Við leitumst við að að fylgja eftir síbreytilegum smekk landans hvað varðar skyndibita, ásamt því að framleiða samlokur sem haldið hafa vinsældum sínum frá upphafi. Við hjá Jumbó samlokum munum standa vaktina svo þið, ágætu landsmenn getið áfram gengið að ódýrum og bragðgóðum skyndibita

Samlokur

Kjúklingsamloka
Samloka með roastbeef
Samloka með rækjusalati
Samloka með túnfisksalati
Samloka með hangikjöti og salati
Hollustuloka með eggjum og fersku grænmeti



Ágrænni grein

Reykt skinka
Kalkúnaskinka
Kjúklingur og pestó
Reykt skinka og ólífur
Kjúklingaskinka og kotasæla
Kjúklingur og hvítlaukssósa



Langlokur

Roastbeef
Skinka, grænmeti og pítusósa
Kornstöng með fersku grænmeti
Kalkúnalangloka
Kjúklingalangloka
Langloku-RIST með pepperoni



Hyrnur

Roastbeef
Egg og beikon
Klúbbsamloka
Kjúklingur og beikon
Thai-kyúklingur



King Arthur

Rækjur og grænmeti
Kjúklingur og beikon



Matur fyrir mötuneyti



Lasagna
Heitir og kaldir pastaréttir
Pizzur o.fl

Jumbo
Samlokur

SAILLESH

5. NÓVEMBER Í HÁSKÓLABÍÓI

FJÖLSKYLDUSÝNING KL. 17:00

MEÐ AUDDA OG SVEPPA ÚR STRÁKUNUM.

MIDNÆTURSÝNING KL. 24:00

ÓRITSKOÐUÐ OG BÖNNUÐ INNAN 18 ÁRA.

Númeruð sæti, en sama miðaverð alls staðar.

Tryggðu þér góð sæti strax!

Hingað til hefur verið uppselt á hverja einustu sýningu með Sailesh í Reykjavík. Að gefnu tilefni skal tekið fram að nú er ekki hægt að bæta við aukasýningum.



„Langfyndnasti gríndávaldur á jörðinni!“

-MTV

„Frumlegt og fáránlega fyndið!“

-DV

„Erótísk, framandi og geggjúð sýning!“

-MORGUNBLAÐIÐ

byltingarkennd froða!
fullkominn farði með mattri áferð
einstaklega létt og mjúk tilfinning.

nýr
**dream
matte**
mousse
farði

- aðeins ein
- loftkennd froða...
- gefur fullkomna
- matta áferð og
- þægilega, mjúka
- og léttu tilfinningu.

Adriana Lima

6 himneskir litatónar



maybelline.com

MAYBELLINE
MAYBE SHE'S BORN WITH IT. MAYBE IT'S MAYBELLINE!
NEW YORK

Adriana sést hér með nýja Dream Matte mousse Foundation í litnum Pure Beige.



HRÁTT KJÖT OG ÓDÝRAR KONUR

HVERNIG LIGGUR Á ÖLDUNNI?

Allt ljúffengt, þetta eru góðir og spennandi tímar.

ER NÓG AÐ GERA, ERTU ORÐIN MILLI?

Nei, alls ekki. Myndirnar eru frekar ódýrar og innkoman rétt dugar fyrir bjórþambinu mínu. Nei, maður segir svona, en ég var að byrja að kenna námskeið í silkiprykki í Listaháskóla Íslands, sem er ný og skemmtileg reynsla, kenni þar þriðja árs nemum, svo er ég að undirbúa nýja seríu af myndum.

NÚ ERT ÞÚ SVONA NÝKOMIN HEIM FRÁ SAN FRANCISCO EFTIR NOK-URRA ÁRA DVÖL. HVERNIG ER AÐ VERA KOMIN HEIM?

Svo sem ágætt en er reyndar orðin svo heimakær í San Francisco að ég hugsa að ég flytji aftur út bráðlega til þess að klára námið, baða mig í sólinni og borða appelsínur.

HVAÐ VARSTU AÐ GERA ÞAR?

Ég var í námi í Academy of Art University of San Francisco, í málun og graffík, tók einnig að mér allskyns verkefni fyrir hljóm-sveitir og tónleika.

ÉG FRÉTTI AÐ ÞÚ HEFÐIR FENGIÐ HRÓS FRÁ EINUM KAUPANDA SEM VAR ENGINN ANNAR EN FYRRVERANDI ÁSTKONA JACKSONS POLL-OCKS, ER ÞAÐ SATT?

Hún, já það var mjög hressandi

MYNDIR ÞÍNAR EINKENAST AF OFBELDI OG DÝRUM, AF HVERJU?

Þær fjalla um hrátt kjöt og ódýrar konur. Ég var að þæla í ták-
fræði dýra í bæði kristilegu- og endurreisnarsambandi.

MYNDLISTARKONAN ALDA ROSE CARTWRIGHT ER 24 ÁRA RAUÐHÆRÐ ÞOKKADÍS. HÚN VAKTI ATHYGLI Á OPNUNARKVÖLDI GRASRÓTARSÝNINGARINNAR Á NÝ-LISTASAFNINU, EKKI BARA VEGNA ÚTLITS OG TÖFRA HELDUR VEGNA ÞESS AÐ HÚN VAR BÚIN AÐ SELJA ALL-AR MYNDIR SÍNAR FYRIR LOK OPNUNARKVÖLDSINS.

ERTU KRISTIN?

Nei, og hef aldrei verið.

HVAÐAN FÆRÐ ÞÚ INNBLÁSTUR?

Mikið frá tónlist, sjálfsaðdáun og eigin stundarvanmætti.

HVERNIG TÓNLIST?

Ég hlusta mikið á stonerdoom-rokk, t.d. Melvins, High on Fire, Drunk Horse og svo ýmislegt í ljúfari kantinum eins og Mark Lanegan og Brant Bjork, þeir eru svo yndislegir.

ERTU ÞÚ ÞÁ ROKKARAMELLA?

Já, og ég er stolt af því.

Finnst þér vera mikill munur á list á Íslandi og í San Francisco? Mér finnst meiri fjölbreytni úti, en samt margt athyglisvert hér heima sem ég hef ekki séð úti.

EINS OG HVAD?

Appelsína.



HRESSANDI



ALI G IN AMERICA

Úr því að RÚV gat ekki drullast til að sýna aðra seríu af Ali G in America þá er bara málið að kaupa sér þetta á DVD. Þarna fer meistarinn hamförum í Bandaríkjunum og gerir Kanann vitlausan með fáránlegum uppátækjum sínum. Þetta var gert fyrir HBO þannig að það er ekkert verið að skafa utan af hlutunum í þessari seríu sem gerir hana auðvitað miklu betri enda sló þetta rækilega í gegn í Bandaríkjunum.



LJÓS

Já. Það var einhver sem sagði að ljósabekkurinn myndi deyjja með tilkomu brúnkukremsins. Það er náttúrulega bara kjaftæði. Ljósabekkurinn er enn til staðar og er jafnvel sterkari en nokkur sinni fyrr. Bæði verður maður brúnn og fallegur og svo er bara notalegt að liggja í ljósum þegar það er svona kalt utandyra. Muna bara að ofgera þessu ekki því eins og allt annað þá geta ljósbekkir valdið krabba-meini.



GRASRÓT

Grasrótarsýningin stendur þessa dagana yfir í Nýlistasafninu við Laugaveg en þetta er í sjötta skiptið sem sýningin er haldin. Þar sýna ungir og efnilegir listamenn afrakstur vinnu sinnar, og margir af efnilegustu listamönnum þjóðarinnar hafa einmitt stigið sín fyrstu skref á umræddri sýningu. En hafið hraðar hendur, sýningunni lýkur núna á sunnudaginn þannig að drullist til að mæta áður en þetta líður hjá.

EFNI

8-9 – Mr. Silla er krútt krúttanna og það eina nýja sem kom fram á Airwaves

10 – Jón Atli rífur kjaft og er líka mættur með nýja bók

12 – Séð og heyrð kynslóðin færir sig út í bókaforlögin

14 – Mótmæli á Íslandi - er þetta að skila einhverju?

15 – Krummi er Elvis eða er Elvis Krummi?

17-29 – Allt um græjur og alls konar óþarfa jafnt sem þarfa vitleysu

30-31 – Týpurar í Reykjavík er svona og ekkert öðruvísi

33 – Woyzek er sirkus og meira að segja bara finn sirkus

34-35 – Bandaríkin vs. Rússland í íslenski plötugerð

36-37 – Gamli vinir mætast. Lucas keppir við Spielberg

38 – Tónleikaárið á Íslandi í máli og frekar mörgum myndum

39-43 – Sódóma RVK

44 – Brynja Björk tjáir sig

8-9

10

15

17-29

30-31

44

KARLMENN Á KEILUSKÓM

RASSI. TÝPA SEM GÆTI ALVEG PLUMM- AÐ SIG Í KEILUSKÓM OG LÚKKAÐ VEL. SIRKUS RVK HEFUR SAMT ENGAR HEIM- ILDIR FYRIR ÞVÍ AÐ HANN EIGI KEILU- SKÓ.

Sirkus RVK sló á þráðinn til Keiluhallarinnar í vikunni og fékk að vita að það er alltaf verið að stela af þeim skóm. Þeir sem hafa spilað keilu vita að maður þarf að klæðast sérstökum skóm á brautinni, gjarnan tvílitum og afskaplega ljótum. Eða svo finnst flestum. „Þetta er farið að verða vandamál. Við þurftum að panta fleiri skó núna fyrir skemmstu þar sem karlmannsstærðirnar virðast hverfa ansi hratt,“ sagði starfsmaður Keiluhallarinnar í samtali við Sirkus RVK og staðfesti að talsvert væri um það að keiluskóm væri stolið. Þessi sami starfsmaður taldi hæpið að keiluskór væru að komast í tísku en útilokaði þó ekkert. „Það er varla til þar í stærð 40 og upp úr. Þetta kostar náttúrulega heilan helling og svo áttar maður sig ekki alveg á því hvað fólk ætlar sér að gera með þetta heima hjá sér. Þetta er svo ljótt að það nær engri átt, ekki myndi ég láta sjá mig í þessu og svo er botninn á þessu sléttari en allt sem slétt er þannig að ég bara rétt vona að fólk sé ekki að fara á þessu á djammað, sérstaklega ekki þegar það er frost og hálsa úti. Það er ávisun á slys,“ segir starfsmaður Keiluhallarinnar.



NÝJASTA TÍSKA. KEILUSKÓR ERU VINSÆLIR MEÐ- AL KARLMANNA EF MARKA MÁ ÞJÓFNADINA SEM ÁTT HAFNA SÉR STAÐ Í KEILUHÖLLINI.

365

SIRKUS

Ritstjórn: Ágúst Bogason, Eirík Sörðal, Hjörvar Hafliðason, Sólmundur Hólm, Valur Gunnarsson.

Útgefandi: Mikael Torfason ábm.

Auglýsingastjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is.

Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is.

Prentun forsíðu: Prentmet.

Prentun: Ísafold.



Forsíðumyndina tók Teitur af Sigurlaugu Gísladóttur.

VAKNAÐ MEÐ... ÞÓRARNI HAKA

EFTIR VAL GUNNARSSON LJÓSMYNDIR HARI

„Ég er búinn að sofa í 40 mínútur eftir 40 tíma vakt,“ segir Þórarinn Haki sem liggur með teppi á sér í sófanum hjá Snarrót, Róttæklingamiðstöðinni á Laugavegi 21. „Við höfum verið að undirbúa heimildamyndaviku sem mun standa frá 3.-12. nóvember og ég var í nótt að forrita vefsíðu, skrifa um myndir og setja dagskrá saman. Við gerum allt á síðustu stundu eins og aðrir Íslendingar.“

Og hvað kemur til að hent er í heimildamyndaviku?

HIV VELDUR EKKI EYÐNI

„Það er aldrei neitt tilefni nema það að tími er kominn til þess,“ segir Hakinn. „Heimildamyndirnar sýna að það eru oftast en ekki stjórnvöld sem standa á bak við það þegar einhverjar stórhörmunar eiga sér stað frekar en meintir hryðjuverkamenn. Fjölmíðlum er ekki treystandi, þeir sinna ekki upplýsingaskyldu sinni. Lygarnar eru svo miklar að það er ógerlegt að hrófla við þeim.“

Dálkur þessi heitir Vaknað með, svo blaðamaður reynir að spyrja Þórarin meira út í svefn og morgunvenjur hans en kemst ekki langt. „Ég er líka farinn að vantroysta læknávisindunum. Ein heimildamyndin sýnir fram á að HIV valdi alls ekki eyðni.“

ALMANNATENGLI Í STAÐ ÁRÓÐURS

„Sefurðu oft hérna?“ spyr blaðamaður.

„Oftast en æskilegt er. Ég bý í kommúnu á Fjólugötunni ásamt fjórum öðrum fjölskyldum,“ segir Hakinn og bætir við: „Opnunarmynd hátíðarinnar er Century of the Self, sem fjallar um hvernig elítan stjórnar fólki. Public Relations var til dæmis fundið upp sem nýyrði yfir propaganda, sem þótti of neikvætt. Fólk hefur engin völd, því er stjórnað með upplýsingamagni og upplýsingaskorti. Fjölmíðlar ráða því að hverju athyglinni er beint en eru ekki þeir varðhundur sem þeir ættu að vera.“

„Hvað gerir þú þegar þú vaknar á morgnana?“ spyr blaðamaður og reynir að komast að merg málsins.

„Ég skrið á fætur og byrja á að reyna að átta mig á deginum. Ég vakna frekar seint eftir hádegi og á margar unaðs andvökustundir. Ég mæli með að fólk noti kyrrð næturinnar til skrifta og hugsana. Á hinn bóginn stefni ég að því að vakna fyrir til að koma meiru í verk. Ég finn hjá mér mikla þörf til að stuðla að uppfræðslu hjá því samfélagi sem ég bý í. Century of the Self er til dæmis eftir sama mann og gerði Power of Nightmares, sem er skylduáhorf fyrir þáttakendur í lýðræðissamfélagi.“

BARNANÍÐINGAR OG ÍTALSKIR MUNKAR

„Færðu þér stundum kaffi á morgnana?“ spyr blaðamaður.

„Ég fer stundum upp á efri hæðina á Kaffi Hljómalind, enda eru þeir sammála okkur um að reyna að breiða út Fair Trade stefnuna. Stór hluti af lífi fólks er ákveðinn fyrir það fyrir fram, án þess að fólk taki einhverjar ákvarðanir um það. Þess vegna hvet ég alla til að koma á hátíðina, það kostar 300 kall á hverja mynd og svo er hægt að fá passa á 1400 kall sem gildir á alla hátíðina. Allar myndirnar eru sýndar í Snarrót undir Hljómalind, Laugavegi 21. Sýningar hefjast klukkan 3 alla daga og standa til miðnættis. Það eru ýmis konar myndir þarna, svo sem Conspiracy of Silence sem fjallar um barnaníðinga og var bönnuð á Discovery og svo Cracking the da Vinci Code sem fjallar um Illuminati-samsærið.“

SANNLEIKURINN BAK VIÐ ELLEFTA SEPTEMBER

Blaðamaður fær líklega ekki mikið meira upp úr Tóta Haka varðandi morgunvenjur hans, svo hann ákveður að fara að fá sér hádegismat.

„Hvað ætlarðu að gera núna?“ spyr blaðamaður í von um að fá að lokum eina krassandi sögu af tannburstun og flossi.

„Ég ætla að fara heim að sofa,“ segir Hakinn.

Blaðamaður er ekki fyrr kominn inn á Devitos en síminn hringir. „Þórarinn hérna,“ segir röddin á hinum endanum. „Ég vildi bara koma því til skila að ég trúi því að stjórnvöld hafi staðið á bak við árásirnar ellefta september.“

„Eina með pepperóni og gráðaosti,“ segir blaðamaður að lokum, og reynir að beina athyglinni að öðru.



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skýr

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



FIGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA

BESTA KRÚTTIÐ Í BÆNUM

„ÉG TEL MIG BERA HÖFUÐ OG HERÐAR
YFIR ÖNNUR KRÚTT BÆJARINS.“



HÚN HEITIR SIGURLAUG GÍSLADÓTTIR. ÞAÐ ER SVO SEM EKKERT MERKILEGT VIÐ HANA EN HÚN FÉKK SAMT AÐ SPILA Á AIRWAVES OG VAKTI LUKKU. ÞAR KOM HÚN FRAM SEM MR. SILLA, ALTEREGÓ MYNDLISTARNEMANS SIGURLAUGAR, OG FÉKK AÐ SPILA Á UNÐAN NORSKU POPPDOLL-UNNI ANNIE. SIKRUS RVK VILDI ENDILEGA VITA MEIRA UM ÞESSA STELPU SEM ENGINN VEIT HVER ER EN ALLIR ERU AÐ TALA UM.

HVER ER MR. SILLA?

„Ég veit það eiginlega ekki alveg sjálf,“ segir Silla og hlær. „Ég er bara 21 árs Reykjavíkurmær sem býr til tónlist í frístundum. Síðan er ég að reyna að vera myndlistarnemi og er á fyrsta ári á myndlistarbraut í Listaháskóla Íslands,“ segir Silla sem segist hafa átt nokkuð venjulegan dag fram að þessu.

„Ég fékk mér ristað brauð með osti í morgunmat, mjólkurkaffi og heimagerðan eplasafa,“ segir hún og er greinilega umhugað um heilsuna, eða allavega upp að einhverju marki því það eru ekki margir nú til dags sem nenna að rífa sig upp og búa til eigin eplasafa en það skiptir svo sem litlu.

OG BYRJAÐIRÐU AÐ SEMJA TÓNLIST FYRIR LANGA LÖNGU?

„Fyrsta lagið sem ég man eftir að hafa samið gerði ég þegar ég var 11 ára gömul. En ég held að ég hafi nú ekki byrjað af neinu viti fyrir en fyrir svona ári,“ segir Silla og fer því næst yfir það hvernig tónlistarandinn tók sér bólfestu í henni.

„Ég var búinn að vera að syngja sjálf lengi. Var meira að segja í stelpukoverlagahljómsveit þar sem við breyttum lög-unum og gerðum þau aðeins persónulegri. Svo flutti ég til Þýskalands í september í fyrra og þar fór ég að leika mér að því að spila á gítar. Þetta vatt upp á sig og allt í einu er ég komin upp á svið fyrir framan fullt af fólki,“ segir Silla, feimin en einlæg í senn.

VIÐIST EKKI HAVA VERIÐ MIKIÐ MÁL HJÁ ÞÉR. HEFURÐU NÁTT-ÚRLEGA HÆFILEIKA?

„Jebb, það hlýtur bara að vera,“ segir Silla.

AF HVERJU MR. SILLA. AF HVERJU EKKI BARA MRS. SILLA EÐA HERRA EÐA FRÚ SILLA EF ÚT Í ÞAÐ ER FARIÐ?

„Ég var alltaf að reyna að finna eitthvað sniðugt nafn til að nota þegar ég kæmi fram en datt ekkert í hug,“ segir Silla en þeir sem þekkja til vita að það er jafnan talið eitt erfiðasta verkefni sem hljómsveit eða listamenn taka sér fyrir hendur að finna nafn á sjálfan sig.

„Svo var það bara í djóki að vinur minn, Anik, hóf að kalla mig Young Mr. Silla. Það festist síðan bara og ég get varla farið að breyta því núna,“ segir Silla sem virðist bara nokkuð sáttt við þetta allt saman.

OG VAR EKKERT MÁL AÐ HENDA SÉR BARA UPP Á SVIÐ OG BYRJA AÐ SPILA FRUMSAMÍÐ EFNÍ SEM FÓLK GÆTI ALVEG EINS HATAÐ OG ELSKAÐ?

„Það var smástress en þetta var í Nürnberg í Þýskalandi núna í sumar og gekk bara vel. Þetta var einhver lítill bar þannig að fara frá því yfir á Nasa var kannski svolítið stórt skref.“

HVERNIG STENDUR Á ÞVÍ AÐ ÞETTA HEFUR GENGIÐ SVONA HRATT HJÁ ÞÉR? ÞAÐ VISSI ENGINN HVER ÞÚ VARST EN SAMT FÉKKSTU MJÖG GÓÐAN TÍMA Á EINU BESTA SVIÐINU Á AIRWAVES. KLÍKA?

„Ég held að ég sé bara svona geðveikt góð,“ segir Silla en blaðamaður greinir ákveðna hæðni í orðum hennar enda bætir hún snögglega við: „Nei, kannski ekki. Þetta hefur reyndar bara komið mér mjög á óvart. Eftir Airwaves hef ég fengið mikla athygli og umfjöllun hefur komið mér einna mest á óvart. Fyrst þegar ég sóttist eftir því að fá að vera með á Airwaves fékk ég reyndar bara nei. Svo barst mér til eyrna að skipuleggjendur Airwaves hefðu fengið fjölda áskorana um að leyfa mér að vera með og allt í einu var ég bara komin með þennan fína tíma á Nasa. Ég var mjög heppin bara og náttúrulega ekkert smá glöð með þetta allt saman,“ segir Silla sem segist hafa verið að farast úr stressi fyrir tónleikana.

„Þetta voru fyrstu alvörutónleikarnir sem ég spilaði á og var allveg fánægleg mikið stressuð. Ég fann að ég þurfti að standa mig geðveikt vel og ég held að það hafi bara tekist. Svo voru alls konar hlutir sem ég hafði aldrei lent í áður eins og að fara í viðtal rétt fyrir tónleikana og svo myndatökur eftir þá og svoleiðis. Mjög fyndið að mér fannst, ég var ekki alveg að ná allri þessari athygli,“ segir Silla og við spyrjum næst hvort hún hafi hitt eitthvað merkilegt fólk á meðan Airwaveshátíðinni stóð.

ÞÚ VARST AÐ SPILA MEÐ ÞESSARI NORSKU ÞARNA, ANNIE. VAR HÚN EKKI BARA LEIÐINLEG?

„Nei, ég hitti hana því miður ekki,“ segir Silla og leiðréttir ekki þann misskilning að Annie sé leiðinleg. Við göngum því enn út frá því að svo sé. En snúum okkur aftur að Mr. Silla. NÚ VORU GAGNRÝNENDUR HREINLEGA AÐ FÁ ÞAÐ YFIR FRAMMI-STÖÐU ÞINNI ÞARNA UMRÆTT KVÖLD. HINN UMDEILDI GAGNRÝN-ANDI BIGGI Á FRÉTTABLAÐINU SAGDI AÐ ÞÚ VÆRIR HIMNESK OG EINHVER ANNAR SAGDI AÐ ÞETTA HEFÐI VERIÐ HÁPUNKTUR KVÖLDSINS. ERTU SAMMÁLA?

„Ég er aðallega hissa á allri þessari athygli en auðvitað glöð. Ég held að fólk verði samt aðallega forvitið vegna þess að ég er stelpa sem er að gera þetta ein. Ef ég væri með band með mér fengi ég örugglega ekki jafnmikla athygli og þá væri

þetta örugglega ekki jafnspes hjá mér,“ segir Silla og viðurkennir að mismunun á grundvelli kynferðis hafi haft talsvert um þá athygli sem hún fékk að segja. Fyrir þá sem ekki vita þá er það brot á stjórnarskránni að mismuna fólki eftir kynferði, kynhneigð, uppruna, trúarsíð-um o.s.frv. en það virðist litlu skipta þegar kemur að tónlistinni.

OG Á ÞÁ EKKI AÐ HAMRA JÁRNID Á MEÐAN ÞAÐ ER HEITT OG GEFA ÚT EINS OG EINA PLÖTU FLJÓTLEGA? HVENÆR GET ÉG FARIÐ Í BÚÐINA OG KEYPT MR. SILLA PLÖTU? KEMUR EKKI BARA JÓLAPLATA?

„Hef ekki hugmynd. Ég er bara að semja núna og sé svo til. En jólaplata, ég held ekki,“ segir Silla sem er greinilega að reyna að halda kúlinu og ætlar ekki að missa sig yfir í sölumennskuna, a.m.k. ekki alveg strax.

ERTU ÞÁ BARA SAMNINGSLAUS? MAÐ-UR MYNDI HALDA AÐ ÚTGÁFU FYRIR-TÆKIN VÆRU AÐ SLÁST UM ÞIG?

„Nei. Ég tek þessu rólega. Er bara að vinna að því að gera svona demó núna,“ segir Silla, hógværdin uppmáluð.

STEFNIRÐU Á HEIMSYFIRRÁÐ?

„Að sjálfsögðu, ekkert minna dugar fyrir Mr. Silla,“ segir hún og við forvitnumst næst um hjúskaparstöðu þessa rúmlega tvítuga myndlistarnema sem semur tónlist í frístundum sínum.

ÁTTU KÆRASTA EÐA KÆRUSTU?

„Ég á kærasta,“ segir Silla og þá er kynhneigðin komin á hreint. Ekki að það skipti neinu máli eins og við vorum búin að koma til skila með kaflanum um stjórnarskrána.

HVAÐ SEGIRÐU, ER EITTHVAÐ SPES SEM VEITIR ÞÉR INNBLÁSTUR OG SVOLEIÐIS? EÐA ER ÞAÐ BARA EITTHVAÐ KJAFTÆÐI SEM LISTAMENN SEGJA TIL AÐ FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ SLEIKJA AÐRA LISTAMENN UPP OG AÐ REYNA AÐ VERA KÚL?

„Innblástur er raunverulegur og það er margt sem veitir mér innblástur. Lítil hljóð, noise-dót og alls konar dót. Fer reyndar algerlega eftir því hvernig skapi ég er í. En hvað tónlistina varðar þá eru Björk og PJ Harvey fyrirmyndir. Það er eitthvað við það hvernig þær skila frá sér tónlistinni, þetta virðist allt koma frá maganum í þeim og þær búa yfir sannri einlægni,“ segir Silla.

Það er nefnilega það. Ekkert meira. Hvað ertu að hlusta á í dag?

„Common, Electric Circus eru fokkin geðveikir, eitt lag frá Regina Spector er að gera góða hluti hjá mér núna og nokkur frá Devandra Banhart. Svo er ég að hlusta á Johnny Sexual demóið,“ segir Silla en Johnny Sexual er alteregó Kalla í Dáðadrengrum sem einmitt stundar nám í LHÍ með Mr. Silla.

Við trúum því bara ekki að þú hafir ekki hitt einhvern merkilegan á Airwaves? Kom on, deildu þessu með okkur.

„Ég hitti reyndar á José Gonzales. Mér fannst tónleikarnir hans svo geðveikir, svo hitti ég hann í viðtali á Rás 2. Hann var mjög feiminn en annars bara mjög næs,“ segir Silla.

Já, fannst þér það. Ég heyrði nú varla í honum og það mátti heyra saumnál detta alla tónleikana. Í eitt skiptið hóstaði ég og þá sneru tíu manns sér við og gáfu mér illt auga. Þá hvarf ég. En var gaman segirðu?

„Já, æðislegt.“

VIÐ ERUM GREINILEGA EKKI SAMMÁLA HÉRNA. SNÚUM OKKUR AÐ EINHVERJU ÖÐRU. KARLGRÚPPÍUR?

„Nja, ég hef ekki lent í svoleiðis. A.m.k. ekki enn þá,“ segir Silla og við reynum að draga meira upp úr henni.

„Ég myndi ekki kalla þetta grúppíur en ég hef fundið fyrir miklum stuðningi, frá körlum jafnt sem konum.“

ERU ÞEIR EITTHVAÐ FEIMNIR VIÐ AÐ REYNA VIÐ ÞIG AF ÞVÍ AÐ ÞÚ ERT SVO KÚL?

„Hmmm. Ég efast um það,“ segir Silla og þetta er greinilega ekki alveg að falla í kramið hjá henni.

Jæja, ertu samt ekki ekta artfartínörd og 101-gella eins og það er útskýrt í Orðabók Máls og menningar?

„Ef það yrði haldin krúttkeppni myndi ég örugglega komast á verðlaunapall. Ég tel mig bera höfuð og herðar yfir önnur krútt bæjarins,“ segir Silla og hlær lítilllega.

„NEI, KANNSKI EKKI. ÉG VEIT EKKERT HVERSU SVÖL NÉ HVERSU MIKIL ARTÍFARTÍGELLA ÉG ER. HVAD FINNST ÞÉR?“

Það er ekki ég sem er í viðtali hérna en mér finnst þú bara vera kúl. Meira að segja bara alveg ógeðslega kúl.

„ÉG MYNDI EKKI KALLA ÞETTA GRÚPPÍUR EN ÉG HEF FUNDIÐ FYRIR MIKLUM STUÐNINGI.“



EKKI BARA GJAFAVARA

JÓN ATLI, MESTI VINNUPJARKURINN Í LEIKRITUN ÞESSA DAGANA, GEFUR ÚT SKÁLDSÖGU

Á bókmenntahátíð sat Einar Kárason til borðs með norska rithöfundinum Roy Jacobsen og sagði að báðir væru þeir greinilega veðurfræðilega sinnaðir þar sem nýjasta skáldsaga annars þeirra heitir Stormur og hins Frost. Jón Atli Jónasson virðist nú vera að reyna að koma sér í veðurklúbbinn, því hann hefur nýlega sent frá sér skáldsöguna Í Frostinu. Hún er þó ekki eins og aðrar bækur. „Mín kostar bara 1500 kall,“ segir Jón Atli. „Hún kemur bara út í kilju. Maður er að reyna að taka ömmudæmið allt út úr þessu.“

En er þetta ekki frekar óheppilegur tími til að gefa út skáldsögu ætlaða fólki sem hefur áhuga á að lesa hana, þar sem hin íslenska skáldsaga er fyrst og fremst gjafavara?

„Jú, maður ætti kannski að fara að búa til öskubakka eða einhverja aðra gjafavöru,“ samþykkir Jón Atli. „Skáldsagan mín á líklega ekki eftir að þvælast mikið fyrir glepasögunum.“

HEPPNI EÐA ÓHEPPNI

Upp á síðkastið hafa birst leikritin Draugalestin, Rambó 7 og Brim og kvikmyndin Strákarnir okkar. Hvernig hefurðu tíma fyrir þetta allt saman?

„Maður á alltaf eitthvað til. Þetta er heppni, eða óheppni. Ég ræð minnstu um það hvenær leikritin eru sett upp.“

Er verið að jaska þér út eins og Ladda þegar hann var upp á sitt besta?

„Já, ætli maður endi ekki eins og Laddi. Við förum kannski saman eitthvert í frí. Hann veit líklega hvert er best að fara.“

Á Spáni er víst gott að djamma og djúsa...

„Ef þú vilt fjalla um bókina get ég sent þér eintak,“ segir Jón Atli og reynir að færa samræðurnar aftur í nágrenni við nýútkomna skáldsögu hans.

„Ég hef nú varla tíma til að lesa hana,“ segi ég. „vegna tímaskorts,“ bæti ég við til útskýringar, og það er í raun rétt. Ég myndi gjarnan vilja lesa skáld-

sögu Jóns Atla, Í frostinu. Ef ég aðeins hefði tíma.

„Ég get líka bara meilað á þig fréttatilkynningunni,“ segir Jón. Og þar sem blaðamenn eru mikið fyrir einfaldar lausnir tek ég því fegin hendi.

VONAR AÐ EINHVER KVEIKI Á ÞESSU

Ég bíð um stund eftir fréttatilkynningunni fyrir skáldsögu Jóns Atla, en hún lætur ekkert á sér kræla.

„Þessi bók er sem sagt ætluð fyrir ungt fólk?“ spyr ég að lokum, og vona að hún sé fyrir markhóp Sirkuss, því allt verður jú að vera skrifað fyrir markhópa þessa dagana.

„Já, eða bara einhvern, mér er sama hver kaupir þetta, vona bara að einhver kveiki á þessu,“ segir Jón Atli, nýbakaður höfundur skáldsögunnar Í frostinu. Jón þessi er af flestum talinn einhver efnilegasti höfundur sinnar kynslóðar, og einhver sá afkastamesti. Hann heldur því vonandi áfram. Nema einhver tali hann af því. VG

GYLLTUR KÖTTUR Í AUSTURSTRÆTINU

NÝ FATAVERSLUN OPNUÐ Í MIÐBÆNUM



„Þetta er í anda þeirra second hand búða sem hafa verið í gangi hér á landi en við reynum náttúrliga að vera aðeins öðruvísi. Ætlum að reyna að vera með aðeins fínni vörur og svo verður þarna íslensk hönnun eftir hana Sonju sem er reyndar búsett í Amsterdam þar sem hún er við nám,“ segir Hafþís Þorleifsdóttir en hún mun ásamt Ásu Ottesen og Jónu Ottesen opna nýja verslun í dag, föstudaginn 4. nóvember, að Austurstræti 8-10 þar sem Planet Pulse var áður til húsa. Búðin hefur fengið nafnið Gyllti kötturinn og þar verður bæði boðið upp á nýjar og notaðar vörur.

„Þarna verður að finna fatnað fyrir stelpur jafnt sem stráka en þetta er frekar stórt húsnæði sem við erum með þannig að rýmið er gott og úrvalið verður eftir því,“ segir Hafþís sem ætlar að hafa opið á sunnudögum og lengur á miðvikudögum.

„Hár Saga er hérna við hliðina og þar er opið til 8 á miðvikudögum og við ætlum að gera það sama. Búðin verður sem sagt komin á fullt frá og með deginum í dag en við ætlum að byrja á að halda opunarpartí í kvöld þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og svo verður Dj Maggi Legó að spila,“ segir Hafþís sem vonast auðvitað eftir að sjá sem flesta í Gyllta kettinum á næstunni.

Miller

MUSIC TOUR USA

10 HLJÓMSVEITIR | 5 KLÚBBAR | 1 EINKAÞOTA

800.000!

New York, Chicago, Miami

Tveir þrælheppnir hlustendur **FM 957** nældu sér í...

800.000 kr.

Þú græðir
á að hlusta á

FM
957



VIP ferð í the
Miller Music Tour

VIP aðgang að heitustu klúbbunum,
VIP miða til að sjá 10 hljómsveitir á
aðeins 5 kvöldum, gista á 5 stjörnu
hótelum og fljúga á milli í einkaþotu



IT'S MILLER TIME.



ÞORGRÍMUR SKORAR AFTUR

Þorgrímur Þráinsson, sem var um aldamótin kosinn næstbesti rithöfundur Íslandssögunnar á eftir Laxness í víðamikilli kosningu (nei, við erum ekki að rugla honum saman við Þórberg Þórðarson) hefur nú sent frá sér enn eitt meist-araverkið. Um er að ræða tímarit Toyota, sem kappinn rit-stýrir. Í blaðinu er að finna viðtal við Eyjólf Sverrisson landsliðsþjálfara í knattspyrnu, grein um Ísland árið 2050 og marga fallega myndapætti þar sem Toyota-bifreiðar koma við sögu. Toggi er sjálfur í þungum þönkum í ritstjórapistlinum, þar sem segir meðal annars: „Við breytum ekki fortíðinni en getum haft áhrif á framtíðina“ og „það eitt er víst að framtíðin er óskrifað blað.“



HVAÐ VARÐ UM EFNILEGASTA RIT-HÖFUND LANDSINS?

Margir hafa velt því fyrir sér hvar rithöfundurinn Elísabet Ólafsdóttir, betur þekkt sem bloggari Beta rokk, sé stödd í lífinu í dag. Hún var hæpuð upp sem einhver efnilegasti rithöfundur landsins hérna fyrir ekki svo löngu þegar hún gaf út bloggskaldsöguna sína. Beta var meira að segja komin í bókmenntafræðina og ætlaði sér stóra hluti. Hún flutti hins vegar svo bara til útlanda og ekkert hefur heyrst frá henni síðan. Beta hefur sést afgreiða bækur og tímarit í bókabúð hér í borginni undanfarið en ekki er vitað til þess að ný skaldsaga sé í smíðum. Við sjáum bara til.

SKÁLDSAGAN Á TÍMUM GLANSBLAÐA

BÓLA EÐA BETRI TÍMAR?

Hin nýútkomna bók Kristjóns Kormáks, Frægasti maðurur í heimi, er einhvers staðar á mörkum þess að vera bæði satíra á og framhald af stjórnuíðnaðinum sem verður sífellt meira áberandi á Íslandi þar sem allir þekktu alla fyrir ekki löngu. Edda gefur út tvær nýjar skaldsögur sem báðar eru meðvitaðar um það samfélag þar sem menn eru annaðhvort einir af hinum fáu útvöldu sem fjallað er um slúðurblöðunum (og þykir þá yfirleitt nóg um) eða hluti af sauðsvörtum almúganum í svarthvítu, sem sjaldan ratar inn á litríkar síður myndablaðana.

Bókin Barnagælur eftir Óttar Martin Norðfjörð fjallar um ungan alþingismann sem býr í Þingholtunum og er svo elskaður og dáður að bæði Séð og heyrnt og Hús og híbýli fjalla reglulega um hann. En eins og alþingis-



manna er síður á hann sér myrkt leyndarmál sem kraumar undir.

Djöflatertan er skaldsaga eftir þær Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur. Hún fjallar um einhleypa stúlku á djamminu sem hittir loks draumaprinsinn, en hann heldur fram hjá henni með bestu vinkonu hennar og hún ákveður að hefna sín grimmilega. Strax á fyrstu blaðsíðu er minnst á Innlit/útlit, og sagan því staðsett kyrrilega í návist við hinn íslenska stjórnuheim, ef ekki sem hluti af honum. Svo er bara að sjá hvað skaldskapurinn segir okkur um þann heim sem Séð og heyrnt og Innlit/útlit færa okkur, og hvort skaldskapurinn færi okkur ekki þrátt fyrir allt sannari mynd af raunveruleikanum en fyrrnefndir miðlar.

VG



FRÁ GLÆPUM TIL SÍTRÓNUSAFA

JEFF LINDSAY, EINN VINSÆLASTI GLÆPAHÖFUNDUR BANDARÍKJANNA KEMUR TIL ÍSLANDS

Lítið hefur spurst til undirheima Miami-borgar síðan Tony Montana heilsaði kollegum sínum í kókaín-sölnunni með litla vinninum og Leonard Cohen lék illmennnið djúpraddaða, Francois Zolan með eftirminnilegum hætti í Miami Vice. En nú verður bráðum bætt um betur, þar sem ráðist hefur verið í gerð þátta um blóðmeinafræðinginn blóðþyrsta Dexter Morgan, sem síðast sást í bókinni Dexter í dimum draumi. Michael C. Hall úr Six Feet Under leikur Dexter þennan sem er myndarlegur og ástríkur blóðmeinafræðingur á daginn en á nóttunni aflimar hann fólk. Það er þó allt hið besta mál, þar sem fólk sem hann aflimar í hægðum sínum er grunað um glæpi. Fyrsti þátturinn er væntanlegur næsta haust en Jeff Lindsay, höfundur metsölubókanna um Dexter kemur hingað til lands í næstu viku, og mun vonandi halda fyrirlestur í lögreglu-skólanum og lagadeildinni um hvernig megi skera niður útgjöld í dómskerfinu. „Hann býr til sítrónusafa þegar lífið réttir honum sítrónur,“ segir Jeff um sköpunarverk sitt.



X-INU 977 UMHUGAÐ UM KONUR


Forsíða síðasta tölublaðs Sirkus RVK vakti talsverða athygli og var forsíðustúlkan t.d. boðuð í viðtal á Talstöðina. Einnig hafði hið ágæta fólk á Talstöðinni samband við Séð og heyrnt stúlku síðustu viku og boðaði hana í viðtal. Þegar stöllumar mættu svo í hljóðver Talstöðvarinnar hóf útvarpsfólkið að segja stúlkunum til syndanna og urðu vinnustað sínum vægast sagt til skammar, en það er önnur saga.

Strákarnir í Helvítis morgunþættinum á X-inu 977 voru aftur á móti búnir að tala við Séð og heyrnt stúlkuna degi áður, enda hafa þeir gert það að síð að leyfa þessum stúlkum að tjá sig í þættinum hjá sér. Þeir voru heldur ekkert að segja stúlkunni að hún væri að gera rangt með því að sitja fáklædd fyrir heldur spjölludu bara við hana eins og venjulega manneskju um daginn og veginn, ólíkt félögum sínum á Talstöðinni. Að vísu voruðu þeir hana við hættunum sem fylgja feðurarsamkeppnum og módelstörfum en höguðu sér þar fyrir utan eins og sannir herra menn.

Útvarpsmönnum Helvítis morgunþáttarins er mjög umhugað um kvenfrelsi og femínisma rétt eins og útvarpsstjóra X-ins 977 Frosta Logasyni. Hefur stöðin þess vegna samþykkt síðareglur þar sem skýrt er kveðið á um að grín á kostnað kvenna og hverslags kvenfyrirlitning sé brotttrekstrarsök. X-ið 977 er eina útvarps-stöðin sem samþykkt hefur síðareglur þar að lútandi og hefur því lagt kvenfrelsis-baráttunni mikið lið.

Framtak X-ins 977 er til fyrirmyndar og mættu kollegar þeirra á Talstöðinni gjarnan taka sér þetta til fyrirmyndar í stað þess að boða ungar stúlkur í viðtöl til þess að segja þeim muninn á réttu og röngu.

**FROSTI OG MÁNI
BERA HAG KVENNA FYRIR BRJÓSTI
Á MEDAN TALSTÖÐIN FER FRAM
MED VAFASÖMUM HÆTTI.**



HVAÐ VERÐUR UM OKKUR?

Rokk-, skák- og bjórdrykkjuáhugamenn verða brátt heimilislausir, því að nú á að fara að taka af okkur ekki bara gamla Grandið, þar sem nú er Sirkus, heldur Grand Rokk sjálf líka. En áður en síðustu hornsteinar íslenskrar alþýðumenningar verða kæfðir undir enn annarri verslunarmiðstöðinni er um að gera að hafa erfiðrykkjuna sem veglegasta, enda síðasti séns. Partíð hefst á föstudag á efri hæð Grand Rokks, þar sem hljómsveitin Rass mun leika fyrir drykkju og Stefán Máni mun lesa upp ásamt barnunga blaðamanninum Símoni Birgissyni, sem mun lesa upp úr óútkominni ævisögu sinni, „Játningar slúðurblaðamanns.“



PARTÝ ELLI Í HERRA ÍSLAND

Sykursæti útvarpsmaðurinn, Partý Elli á Kiss FM 89,5, hefur ákveðið að taka áskorun félaga síns og taka þátt í Herra Íslandi sem fram fer í lok mánaðarins á Broadway. Elli er ekki einn af þessum sem eru gerðir fyrir útvarp því hann er sætur í meira lagi og á því hvergi annars staðar að vera en í sjónvarpi. Við skulum sjá hvort Herra Ísland nái ekki að fleyta honum þangað.

„Félagi minn manaði mig í þetta. Hann skoraði á mig að taka þátt í Bachelor, Idol eða Herra Íslandi. Ég valdi Herra Ísland því ég kann ekki að syngja, ég á erfitt með að gera upp á milli kvenmanna en hef reynt af að standa uppi á sviði og því sló ég til,“ sagði Elli sem stendur vaktina á KissFM á virkum dögum mill 17-19 högværðin uppmáluð og var ekkert að minnast á það hversu myndarlegur hann væri.

Elli, sem heitir fullu nafni Elías Ingi Árnason, segir að fólk hafi tekið misjafnlega í þessa ákvörðun hans. „Vinir mínir ætla allir að mæta og styðja við bakið á mér, hins vegar fékk ég smá

skot frá yfirmönnum mínum hérna á Kiss Fm. En þau eru spennit fyrir þessu núna“ segir Elli sem ætlar sér að vinna keppnina.

„Ég held að þetta verði hörkukeppni á milli fimm til sjö stráka. En auðvitað stefni ég á að vinna þetta eins og allir aðrir.“

Elli sem hefur verið þekktur í útvarpinu sem Partý Elli er hættur að svara því nafni. „Doddi litli er farinn að kalla mig Ella sæta. Veit ekki alveg hvort það sé að gera sig en ég vil allavega ekki vera kallaður Partý Elli lengur en það var nú líka bara eitthvað sem varð til þegar ég var með næturvaktirnar hér á Kissinu,“ segir Elli sæti sem lætur skot vinnufélaganna þó ekkert á sig fá heldur heldur ótrauður áfram að mæta í vinnuna, þótt hann sé kallaður Elli sæti. Við óskum Ella góðs gengis í Herra Íslandi og vonum bara að hann nái á verðlaunapall þvi þar er sjónvarpsdjobbið orðið svo gott sem trygg.



LIÐSMYND ROBERT

BRAIN POLICE GOES EUROPE

Hljómsveitin Brain Police er að fara að leggja upp í langferðalag um Evrópu. Þeir ætla auðvitað að trylla lýðinn með látunum í sér og eflaust drekka eins og einn bjór á meðan á þessu stendur. Jens Ólafsson, söngvari bandsins, komst í fréttirnar um daginn þegar honum og unnustu hans lenti saman. Skarst Jenni þá lítilega en mun vera heill heilsu og tilbúinn að rokka Evrópu. Brain Police fer um Skandinavíu og meginland Evrópu og mun væntanlega ekki snúa aftur fyrir en yfirráð í Evrópu hafa verið tryggð.



SKILA MÓTMÆLI ÁRANGRI?

MÓTMÆLI Í ÍSLANDI Í HUNDRAD ÁR

LJÓSMYND VALLI



BÆNDUR GEGN RITSÍMA

Árið: 1905

Málið: Bændur mótmæla tilkomu ritsímans vegna kostnaðar, vilja loftskeytatækni Einar Benediktssonar.

Niðurstaða: Stjórnvöld sigruðu og ritsíminn var lagður.



ÍSLENDINGAR GEGN DANSKA FÁNANUM

Árið: 1913

Málið: Íslendingar mótmæla yfirgangi Dana, sem gerðu íslenskan fána upptækan og flagga um allan bæ.

Niðurstaða: Íslenski fáninn varð ofan á.



VERKALÝÐUR GEGN BORGARYFIRVÖLDUM

Árið: 1932

Málið: Borgaryfirvöld lækka laun í atvinnubótavinnu, og verkamenn mótmæla. Gúttóslagurinn brýst út þar sem allir lögregluþjónar í bænum eru eltir uppi og barðir.

Niðurstaða: Yfirvöld gáfu eftir og hætt var við launalækkunina.



FRIDARSINNAR GEGN NATO

Árið: 1949

Málið: Hópur fólks mótmælir inngöngu Íslands í Nato fyrir utan Alþingi og heimtar þjóðaratkvæðagreiðslu. Lögregla dreifir hópnum með tár gasi.

Niðurstaða: Ísland er enn í Nato.



VERKALÝÐUR GEGN AUÐVALDI

Árið: 1955

Málið: Verkalýðsfélög undir stjórn Guðmundar Jaka boða til verkfalls vegna verðhækkana. Menn fara niður á höfn og koma í veg fyrir að dælt verði úr skipi.

Niðurstaða: Samið var um kauphækkun sem var þó mun minni en vonast var eftir.



HERSTÖÐVAANDSTÆÐINGAR GEGN HER

Árið: 1960

Málið: Fyrsta Keflavíkurgangan var gengin frá Keflavík. Göngurnar urðu mótmælendum góð heilsubót án þess að þær hefðu teljandi áhrif á utanríkisstefnu Bandaríkjanna.

Niðurstaða: Bandaríkjaher er enn í Keflavík.



ÆSKULÝÐUR GEGN VÍETNAM

Árið: 1968

Málið: Hernaði Bandaríkjanna í Víetnam mótmælt, málningu er slett á NATO-herskip í heimsókn, reynt að stöðva ráðherrafund NATO með setuverkfalli og rúður brotnar á lögreglustöð til að mótmæla handtökum.

Niðurstaða: Bandaríkin drógu á endanum herlið sitt til baka frá Víetnam, meðal annars vegna mótmæla heima fyrir.



RAUÐSOKKUR GEGN KARLAVELDI

Árið: 1970

Málið: Konur fara í göngu 1. maí til að mótmæla kynjamisrétti. Fimm árum síðar halda þær einhvern stærsta útifund í sögu Íslands og nýlega var bætt um betur.

Niðurstaða: Ein best heppnaða réttindabaráttan. Réttindi kvenna hafa stóruð en enn er víða pottur brotinn í launamálum. Snyrtivörur seljast enn.



GEGN SKÓLAKERFINU

Árið: 1970

Málið: Íslenskir stúdentar leggja undir sig sendiráð Íslands í Stokkhólmi til að mótmæla „ófremdarástandi“ í íslenskum menntamálum og eru bornir út af lögreglu.

Niðurstaða: Enn er ófremdarástand í íslenskum menntamálum.



FARANDVERKAMENN GEGN VINNSLUSTÖÐ

Árið: 1980

Málið: Farandverkamenn í Eyjum hertaka verbúð og halda útifund á Lækjartorgi til að mótmæla slæmum aðbúnaði.

Niðurstaða: Enn er aðbúnaður erlends farandverkfólks slæmur.



HOMMAR GEGN FORDÓMUM

Árið: 1994

Málið: Hommar og lesbíur ganga frá Samtakahúsinu að Alþingi til að mótmæla réttindabrotum á samkynhneigðum, t.d. varðandi sambúðarrétt.

Niðurstaða: Gay Pride orðin að allsherjarhátíð og fjölbreytileikanum fagnað. Samkynhneigðir hafa fengið sambúð samþykkt að lögum.



UMHVERFISVERNDAR-SINNAR GEGN KÁRAHNJÚKUM

Árið: 2005

Málið: Umhverfisverndarsinnar tjalda á Kárahnjúkum til að mótmæla virkjanaframkvæmdum.

Niðurstaða: Virkjunin er enn í vinnslu.

KRUMMI KOMINN Í ELVIS

EFTIR KÖTLU RÓS VÖLUDÓTTUR LJÓSMYNDIR HARI

KRUMMI, SONUR HINS ÍSLENSKA ELVIS, ER KOMINN Á BAK VIÐ BÚÐARBORÐIÐ Í NÝJU SECOND-HAND-BÚÐINNI ELVIS. ÞAR AÐSTOÐAR HANN STRÁKA BÆJARINS VIÐ AÐ DRESSA SIG UPP. HANN ÆTTI AÐ ÞEKKJA ÞETTA STRÁKURINN ENDA MIKILL TRENDSETTER. ÞAR FYRIR UTAN ER HANN AÐ TAKA UPP NÝJA PLÖTU MEÐ HLJÓMSVEITINNI SINNI, MÍNUS.

HVERNIG LEGGST NÝJA STARFIÐ Í ÞIG?

Mjög vel, þetta er bæði skemmtilegt og krefjandi enda mikill heiður að fá að vera komin í Spútnikhópinn.

HEFUR SALAN AUKIST MIKIÐ EFTIR AÐ ÞÚ HÓFST STÖRF?

Nei, reyndar ekki. Það vita fáir af þessu, ég er svo nýbyrjaður.

ERU STRÁKARNIR FARNIR AÐ TAKA VIÐ SÉR Í TÍSKUNNI?

Já, ég held að þeir séu að verða meðvitaðri, vilja líta vel út fyrir hver annan og fyrir stelpurnar auðvitað líka.

HVAÐ ER FLOTT Á STRÁKANNA Í DAG?

Ég vil sjá fleir fylgihluti á strákana, svo eru þröngar, svartar buxur, þykk belti, kúrekaskyrturnar, þröngir bolir, eyeliner í augun, rokkabíllskór, grifflur og sylgjur á belti sem hægt er að skipta um mjög flott.

SVOLÍTIÐ EINS OG ÞÚ?

Kannski, svo er hönnunin hans Ása sem við seljum hér mjög flott. Endilega komið, skoðið og helst kaupið.

HVERS KONAR TÝPUR SÆKJA BÚÐINA?

Alls konar, rokkarar, alternative-týpur, indie-metrógaurar, ömmur og mömmur að versla á drengina sína. Bara öll flóran.

HEFUR GILZNEGGERINN MÆTT?

Nei, ekki enn þá, en hann er velkominn **NÚ ERUÐ ÞIÐ MÍNUSMENN Í STÚDÍÓI AÐ TAKA UPP NÝJA PLÖTU, ER EKKI BRJÁLAD AÐ GERA HJÁ ÞÉR?**

Ógeðslega mikið, ég er á fullu frá tíu á morgnana til tólf á kvöldin í stuði, ég vinn hér til klukkan sex, svo er það stúdíóið.

ER KOMIÐ NAFN Á NÝJU PLÖTUNA?

Nei, ekki enn þá en við erum komnir með aragrúa af lögum sem við erum að undirbúa og æfa fyrir upp-tökur, við erum að taka upp demóið núna.

HVERNIG HLJÓMA NÝJU LÖGIN?

Þetta er blanda af mörgum senum allt frá emorokki til metals og progressive-þungarokks.

HVAÐA TÓNLIST HLUSTAR KRUMMI Á Í DAG?

Eighties-danstónlist, emórokk, argasta þungarokk og rokkabillí.

HVAÐA ÍSLENSKU BÖND FÍLAR ÞÚ Í DAG?

Mér finnst Gus Gus og Future Future vera að gera það gott, reyndar eru bæði böndin að fara að gefa út nýja plötu. Verður gaman að heyra það.



a) Þetta er frekar kúl gítarnæla sem fæst á 1,700 kr.

b) flott arnarnæla, í stíl við tattúíð aftan á Krumma og kostar ekki nema 2,300 kr.

c) tigrisdýra sigarettubox, ef menn hösla ekki með þetta hvað virkar þá? 1,100 kr.

d) Casio úr, gull 8,800 kr. silvur 3,900 kr. Old skúl? Já ég held það.

e) Axl Rose byssukveikjari, eða alla vega kveikjari á 1,200 kr.


f) Vasaúr af gamla skólanum á litlar 1,900 kr.

g) Fokk jú kveikjari 1,200 kr.

h) Herra ermahnappar 1,400 kr.



THE CUT
MÁNUDAGA KL. 22.00




THE CUT ER Í BODI TOMMY HILFIGER

ÞAÐ ER HÆGARA SAGT EN GERT AÐ KOMAST INN Í HARÐAN
HEIM TÍSKUNNAR OG SIGURVEGARINN FÆR AÐ LAUNUM
AÐ HANNA NÝJA LÍNU HJÁ TOMMY HILFIGER

FYLGSTU MEÐ!





STUTT Í AÐ ÞESSIR SJÁIST Á DJAMMINU

GRÆJUR OG GAGNSLAUST GLINGUR Í SIRKUS RVK



Flestir líta á vélmenni sem persónur í kvikmyndum, eitthvað drasl sem framleitt er í Japan eða starfskraft hjá Kára Stefánsyni. Spekingarnir úti í heimi telja hins vegar að það sé ekki svo langt í að vélmenni verði komin inn á annað hvert vestrænt heimili til að aðstoða við heimilisstörfin. Hvað verður kemur svo bara í ljós en það er allavega staðreynd að víða um heim er fólk að þróa vélmenni eins og það eigi lífið að leysa.

Á næstu síðum Sirkuss RVK verður þetta kannað lítillega ásamt því að við skoðum alls konar græjur og drasl sem sumir telja vera nauðsyn á meðan aðrir segja það óþarfa. Hvað sem fólk kann að finnast um þetta þá er allavega gaman að spá og spekulera í þessu. Eitthvað af þessu drasli er fánlegt en annað er bara eitthvað framtíðarþvaður sem á eflaust aldrei eftir að verða að veruleika. En hverjum er ekki sama? Þetta er skemmtilegt. Njótið.

GRÆJUR

SNOWMOTO KOMINN TIL LANDSINS

Sirkus flutti fréttir af því í síðustu viku að Snowmoto væri málið en að einungis væri hægt að panta þannig að utan. Norðanmenn hafa bætt úr því, því nú er hægt að fá Snowmoto-sleða á Akureyri. Leyfi hefur fengist fyrir þá í stólalýftuna í Hlíðarfjalli sem verður opnuð 3. desember. Umboðsaðilinn í Reykjavík er útlífsverslunin Everest, en einnig er hægt að panta þá um land allt af www.extreme.is. Innflutningsaðilinn er enginn annar en Sigurður Baldursson áhættusportmaður, en hann var fyrsti Íslendingurinn til að taka myndir meðan hann sveif niður í fallhlíf.





GRÆJUR

FRAMTÍÐIN TILHEYRIR VÉLMENNUNUM

Í kvikmyndinni Robocop var hálfur maður og hálf vél gerð að löggælu. Eins og önnur kvikmynd, Network, sýndi okkur, líður oft ekki á löngu þangað til framtíðarmartráðir Hollywood verða að veruleika. Lögreglan í Bandaríkjunum hefur tekið í notkun takmarkað magn af vélmönnum. Kostirnir við að nota vélmenni í löggæslu er að starfið er oft hættulegt og því kostur að þurfa ekki að leggja mannlíf í hættu. Gallinn er hins vegar sá að mjög erfitt er að sjá fyrir öll þau vandamál sem upp geta komið, og því erfitt að forrita vélmenni fyrir allar hugsanlegar aðstæður. Þó er talsvert í að vélmönnum verði sleppt lausum á eiturfjasala og reykingamenn.

BRJÁLADA VÉLMENNIÐ

Vélmenni eru helst notuð til æfinga enn sem komið er, svo sem brjálada vélmennið „mad robot“, en efri helmingur þess er mannsmynd og neðri helmingurinn er á hjólum. Vélmennið keyrir fram og tilbaka og nýliðar æfa sig í að skjóta það, enda líklega þaðan sem nafnið er komið, að vélmennið er orðið hálfbrjálada á þessu starfi sínu.

Annað vélmenni sem notað er af löggælu vestra er Andros litli, „mini-Andros“. Ekki hefur það þó mikið betra starf en „Mad robot“, þar sem hlutverk þess er að taka upp virkar sprengjur og keyra með

þær á stað þar sem þær geta sprungið án þess að valda skaða. Vélmennið ris ekki hátt upp af jörðinni, ferðast um á hjólum og er búið kló jafnt sem vídeóvél. Því er fjarstýrt af menskum stjórnanda. Annað fjarstýrt vélmenni minnir á lítinn skriðdreka, en er notað til eftirlitsaðgerða og er tilvalið til að elta uppi menn sem hafa falið sig í holræsum eða loftræstikerfum.

PREDATOR FRAMTÍÐARINNAR

Bandaríski herinn er einnig byrjaður að notast við vélmenni. Vélknúin armar eru notaðir til að ferma skotfæri upp í flutningabíla, sem spara mannaflann þar sem bílstjórinn getur þá einn fyllt truckinn. Forritaðir og ómannaðir traktorar eru notaðir í jarðsprengjuleit, þar sem þeir slá stálkeðjur á undan sér og geta þannig rutt stór svæði. Einnig er hægt að setja á þá vatnsfallbyssur, og nota þá til að dreifa hópum ófriðsamra mótmælenda. Þekktasta vélmennið er þó að öllum líkindum Predator, sem er mannlaustrugvél. Upprunalega var hún hönnuð sem eftirlitsvél, en hefur í seinni tíð einnig borið sprengjur, og hefur verið notuð í Bosnía, Kosovo, Afganistan og Írak. Fyrir her sem á erfitt með að horfast í augu við mannfall í eigin liði er líklegt að Predatorinn gefi vísbendingu um framtíð hernaðar.



VÉLMENNI Á HEIMILIÐ



R2D2
LÍKLEGA FRÆGASTA VÉLMENNI SÖGUNNAR SEM GAT GERT HVAÐ SEM ER.



C3PO
SAMSKIPTAVÉLMENNI OG TÚLKUR SEM GERÐI SITT GAGN.

Vélmenni eru skemmtileg fyrirbæri sem sífellt er verið að þróa. Eins og staðan er í dag eru þau mestmegnis notuð í verksmiðjum og öðru slíku auk hernaðar en því miður hafa þau ekki verið að skila sér inn á heimilin. Þó hafa slík vélmenni verið þróuð og innan fárra ára búast Japanar við að vélmenni muni leysa eitthvað af heimilisstörfunum af hendi. Þetta höfum við svo sem heyrt í mörg ár. Alltaf er verið að lofa því að „innan fárra ára“ verði þetta orðið svona eða hinseginn. Síkurs fór þess vegna á stjór og kannaði bara hvað er að gerast í vélmennabransanum og er það raunhæft að það verði komin vélmenni inn á heiminn innan ekkert allt af margra ára.

Jú, það er svo sem raunhæft að sjá vélmenni þrifa gólf eða eitthvað í þeim dúr innan ekkert allt af margra ára. Málið er

bara það að vélmenni kosta alveg fáránlega háar upphæðir eins og staðan er í dag. Japanar hafa t.d. náð að þróa vélmenni sem líkjast fólki, þ.e.a.s. þau geta gengið og hafa hendur, sem ráfa um verslunarmiðstöðvar og svara spurningum. Auðvita skilur vélmennið ekkert hvað er verið að segja við það en það býr yfir einhverjum ákveðnum fjölda upplýsinga og getur hjálpað fólki að rata og finna þær búðir sem það er að leita að.

Þau vélmenni sem gera „eitthvert raunverulegt gagn“ eru langt frá því að verða almenningseign á næstu árum eða áratugum. Einu vélmenninn sem vinna vinnu eru rándýr, fyrirferðamikil og gera bara færíbandavinnu. Vélmenni eru þess vegna langt frá því að vera á leið inn á heimilin, a.m.k. er útílit fyrir að þau muni þá geta gert lítið gagn.



T2
HERMAÐUR FRAMTÍÐARINNAR?

▶ FLÖT PLASMA OG LCD SJÓNVÖRÞ

ÖRÞUNNT
LCD



GLÆSILEG ÞÝSK
GÆÐA HÖNNUN

GRUNDIG LXW828510

32" LCD HD BREIÐJALDSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu og 16ms svartíma, (H/V): 170/170° sjónsviði og 450 cd/m² birtustigi, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart tengum (með RGB) og PC tengi (DVI-D og VGA), SVHS og RCA tengi, heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

HD READY
PROGRESSIVE SCAN
UPPLAUSN 1366x768
MYND Í MYND

TILBOÐ ▶ **199.990**

FULLT VERÐ kr. 269.990



UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRÞUNNT
PLASMA

TILBOÐ ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC LT32A60

ÖRÞUNNT
LCD

32" HD LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m² birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereó hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heymartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



JVC PD42B50

ÖRÞUNNT
PLASMA

42" PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, styður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarpi, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarpi), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereó hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heymartólstengi, T-V Link og veggfesting.

TILBOÐ ▶ **299.990**

FULLT VERÐ kr. 349.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Pristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. NORDURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hölmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. SR vélaverkstæði, Siglufirði. Ljósjafinn, Akureyni. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kaupún, Vognafríði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosstraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

SIRKUS REYKJAVÍK FÉKK
NOKKRA SKEMMTILEGA ÍSLEND-
INGA TIL AÐ SEGJA SÉR FRÁ
MESTA DRASLI SEM ÞEIR HAFA
KEYPT. FLEST HÖFUM VIÐ KEYPT
EITTHVERT RUSL SEM VIRKAÐI
EKKI EÐA HREINLEGA VAR
ÓNOTHÆFT.

MESTA DRASL SEM ÉG HEF ÁTT

„Það var risastór
Motorola sími sem ég
átti einu sinni.
Hann var ekkert
eðlilega stór. Þá var
hann með svona
loftneti sem náði
nánast upp í skýin.
Og þrátt fyrir að
hann væri svona
stór og klunnalegur
þá var batteríð í
honum ómurlægt.“




**ÍRIS DÖGG PÉTURSDÓTT-
IR, BLAÐAMAÐUR OG
SKEMMTIKRAFTUR.**



„Ég og vinur minn höfum haft
það sem reglu að gefa hvor öðr-
um fágæt búsaðhöld. Þau allra
óþörfustu sem ég hef fengið eru
frístandandi statív fyrir ban-
anaknippi á eldhúsborðið úr
hvítu plasti og forláta þýskt verk-
færi til að fjarlægja steininn úr
plómunni á einfaldan hátt við
plómusultugerð. Auðvitað algjört
drasl hvort tveggja.“

**BOLLI THORODDSEN,
FORMAÐUR HEIMDALLAR.**



„Það var heimabíó með risastóra hátal-
ara, helling af sánda, fimm geisladiska
magasíni og videótæki, allt í sömu
græjunni. Ég keypti þetta árið 1996 fyr-
ir 290 þúsund kall. Upprunalega ætlaði
ég að kaupa litlar græjur í eldhúsið en
sölumaðurinn á skilið medalíu fyrir að
hafa selt mér þetta dæmi. Í fyrsta lagi
átti ég bara 14 tommu sjónvarp. Hátal-
ararnir voru miklu stærri og fyrirferð-
armeiri en sjónvarpið. Í öðru lagi var
tímaskekkja að fá sér nýtt videótæki.
Reyndar sagði sölumaðurinn við mig
að þetta væri það tæki sem væri næst
því að ná DVD gæðum. Það var sex
hausu og sjálfhrensandi,“ sagði Svali
sem greinilega hefur gaman af þessum
gömlu mistökum.

„Ég horfði á videóið fimm sinnum og
nánast frá því ég keypti þetta dót þá
hefur það verið niðri í geymslu. Eina
ástæðan fyrir því að ég hendi þessu ekki
er sú að ég eyddi öllum þessum pening-
um í þetta.“

**SVALI, STJÓRNANDI
MORGUNÞÁTTARINS ZÚÐER
Á FM 957.**



„Það hlýtur að vera Abflex magatækið sem ég keypti á mínum yngri árum. Ég man að ég var mjög ánægður með tækið í fyrstu en síðan reyndist þetta algjört drasl. Teygjan sem stillti tækið af slitnaði að mig minnir eða var orðin eitthvað léleg. En svona eftir á að hyggja þá skil ég ekki hvað ég var að kaupa mér bumbubana eins og hann var kallaður. Því ef eitthvað var þá var ég alltof mjór.



**JÓHANN BACKMANN,
TROMMULEIKARI
Í SKÍTAMÓRAL.**



„Já því er auðsvarað. Það er án efa eitthvert vaxtæki sem ég keypti þegar ég var fimmtán ára. Þetta var einhvers konar pottur með heitu vaxi. Ég sá auglýsingu þar sem kona lét vaxa á sér fæturna og reif af með bros á vör og því ákvað ég að slá til og keypti tækið. En þetta reyndist allt hinn hreinasti viðbjóður. Það var mjög sársaukafullt að rífa þetta af og lappinnar urðu allar klístraðar og ógeðslegar. Ég notaði þetta tæki einu sinni.“

**ÞÓRÐÍS ANNA ODDSDÓTTIR,
NEMI Í VÉLAVERKFRÆÐI.**


„Það var eitthvert tæki sem kínversk vinkona mín gaf mér fyrir fjórum eða fimm árum. Það var klukka, vekjari, reiknivél, útvarp og minnisbók allt í sama tækinu. Þetta drasl virkaði aldrei. Ég svaf ekkert meðan það var á náttborðinu hjá mér, því það pípti alltaf eitthvað. Klukkan virkaði aldrei og vekjarinn því ekki heldur. Þá heyrðist ekkert í útvarpinu og ég lét ekki einu sinni reyna á reiknivélina og þessa minnisbók.“

**STEINUNN ÞÓRA CAMILLA
SIGURÐARDÓTTIR
SÖNGKONA Í NYLON**



„Mesta drasl sem ég hef keypt er líklega myndavél með linsu sem ég keypti fyrir alla fermingarpeningana mína á sínum tíma. Agnar Magnússon, betur þekktur sem Pylsan, smitaði mig af einhverri ljósmyndabakteríu og því eyddi ég öllu sem ég átti í þetta drasl. Fljótlega eftir að ég keypti mér myndavélina áttaði ég mig á því að ég er betri fyrir framan myndavélina heldur en aftan.

**GILLZENEGGER,
ATHAFNAMADUR.**





DVD UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISKI. NAUÐSYNLEGT FYRIR ALLA SEM VILJA VERA MEÐ Í UMRÆÐUNNI.



LCD SJÓNVÖRP ERU MÁLIÐ Í DAG AÐ SÖGN JÓHANNIS ÓLAFS. HÉR SJÁUM VIÐ 37 TOMMU PHILLIPS TÆKI SEM HANN MÆLIR MEÐ.

SJÓNVARP Á KLÓSETTIÐ OG Í ELDHÚSIÐ ER MÖST Á NÚTÍMAHEIMILUM. 17 TOMMAN ER KLASSÍSK.

SJÓNVARPSMÁL HEIMILANNA AFGREIDD

GRÆJUR

Sirkus fékk Jóhann Ólaf Scröder sölumann hjá Sjónvarpsmiðstöðinni til að segja okkur hvernig sjónvarpsmálunum skuli háttað á okkar heimilum. Jóhann er með þessi mál á hreinu og segir góðu risakassalöguðu hlunkana á útleið. Sirkus RVK fagnar því líkt og flestir. Verðin á flatskjáum hraðlækka, þannig að munurinn á þeim og gömlu hlunkunum er í dag lítil sem enginn.

AFHVERJU AÐ FÁ SÉR LCD EÐA PLASMATÆKI ?

„Þú eyðir að meðaltali tæpum 6 tímum á dag fyrir framan sjónvarpið, eins óhollt og það hljómar. Þá er auðvitað ekkert sjálfsagðara en að vera með gott tæki fyrir framan sig. Í dag eru sjö af hverjum tíu tækjum sem seld eru flöt. Feitu sjónvörpin sem taka mikið pláss eru á útleið,“ segir Jóhann um leið og hann leiðir blaðamann í gegnum galdra sjónvarpstækjanna.

HVAÐ ER SVONA GOTT VIÐ ÞETTA 37" LCD TÆKI?

„Þetta tæki er búið því allra besta sem Phillips, einn fremsti framleiðandi á LCD/Plasma tækjum, hefur upp á að bjóða í dag. Við erum að tala um gríðarlega háa upplausn, 1920x1080 punkta sem er það hæsta í dag. Þetta þýðir að tækið er allveg tilbúið undir svokallaðar HDTV útsendingar sem fljótlega fara að ryðja sér til rúms hérna á klakanum. Auk þess er það búið Pixel Plus 2 HD línutvöföldun sem lappar upp á venjulega sjónvarpsútsendingu og DVD með því að reikna inn fleiri línur í myndina, og þar afleiðandi verður hún miklu skarpri og dýpri. Ambiligt baklýsing sem les litablægriðin af skjánum og varpar þeim á vegginn til hliðanna sem eykur þægindi við áhorf, og svo má ekki gleyma rafstýrdum fótstandi,“ segir Jóhann og það leynir sér ekki að sjónvörp eru ein af hans helstu ástríðum. A.m.k. hefur Sirkus á sinni lífsleið hittu fáa sem kunna jafn mikið af því sem virðast vera gagnslausar upplýsingar um sjónvarp.

HVAÐ MEÐ AÐ FÁ SÉR SJÓNVARP Í ELDHÚSIÐ EÐA Á BAÐIÐ?

„Í nútímaþjóðfélagi er nauðsynlegt að vera vel

með á nótunum, þess vegna verða menn að hafa aðgang að sjónvarpi hvar sem þeir eru. Litlir 17" LCD skjáir eru því tilvaldir, bæði inn á bað eða í eldhúsið, og ég tala nú ekki um inn í svefnherbergið,“ segir Jóhann sem eflaust er með eitt slíkt í hverju herbergi í Hafnarfirðinum þar sem hann býr.

HVAÐ MEÐ UPPTÖKUTÆKI?

„Það er auðvitað málið í dag að vera með DVD upptökutæki með hörðum disk. 160GB diskur er að gefa þér allt að 30 tíma í upptöku í bestu gæðum beint á diskinn. Þú hefur möguleika á því að stöðva beinar útsendingar þar sem að tækið getur tekið allt að 6 tíma upp í svokallaðan „buffer“, sem þýðir á mannamáli að þú ert kannski að horfa á Man. Utd – Chelsea og tengdamóðir þín hringir með eitthvert nöldur, þá ýtir þú bara á pásu á meðan þú rökræðir við hana og heldur svo bara áfram að horfa á leikinn eins og ekkert hafi í skorist,“ segir Jóhann og heldur eitthvað áfram að tala um snilld þessa búnaðar og virðist alltaf ná að tengja það við knattspyrnu.

HEIMABÍÓ. ER ÞAD ENNÞÁ MÁLIÐ?

„Ja, hversu gaman er það að geta tyllt sér niður í leðursófasettið og smella kvikmyndinni The Rock í tækið og það er nánast eins og Ed Harris sé inni í stofu hjá þér, öskrandi. Mjög mikilvægt að vera með gott hljóðkerfi heima hjá sér, sérstaklega ef á að bjóða einhverjum af félögnum í heimsókn,“ segir Jóhann að lokum, og við erum margs vísari um sjónvarpstæki, afþreyingarmiðilinn sem allir nota en enginn veit neitt um. Nema náttúrlega sérvitringar eins og hann Jóhann.





Glæsileg ný lína af flötum Philips sjónvarpstækjum

Philips Flat sjónvarp með Ambilight

Það verður ekki aftur snúið. Þú munt aldrei vilja slökkva á Ambilight tækninni, þeirri fyrstu og einu í heiminum. Myndir og litir fá aukna vídd – ólíkt öllu sem þú hefur séð. Flöt sjónvörp með Ambilight frá Philips – næsta skref í framþróun sjónvarpstækninnar.



PIXEL PLUS 2 HD

PHILIPS
sense and simplicity



Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

STÍGVÉLADVERGURINN VERÐUR HÁTÆKNIRISI

Pegar fólk heyrir minnst á Nokia hugsar það ósjálfrátt gsm.

En þetta var ekki alltaf svona. Fyrir eins og tíu til fimmtán árum síðan hugsaði fólk bara um gúmmístígvél þegar það heyrði Nokia. Enda var fyrirtækið einn helsti framleiðandi slíks skófatnaðar í áraráðir.

Nú er öldin önnur og Nokia er einn af stærstu símarisum heims. Finnarnir



hafa náð miklum vinsældum á síamarkaðnum enda voru þeir með þeim fyrstu til að framleiða ódýra, fallega en endingargóða síma fyrir almenning. 5110 síminn frá Nokia er líkast til fyrsti síminn sem flestir hér á landi áttu. Í sumarbyrjun árið 1999 hefur Nokia líka hirt óskiptar allar útborganir unglíngavinnukrakkanna því þetta ár varð sannkölluð sprenging í símaeign á Íslandi. Annað hvert mannsbarn var komið með síma og ef það var ekki að tala í símann sinn eða senda sms þá var það að spila snake. Nokia hafði tryggt sér heila kynslóð farsímanotenda.

Í dag heldur Nokia áfram að dæla frá sér simtækjum. Að vísu eru allir nýjustu símarir ekki nærri eins endingargóðir og þeir gömlu og sem dæmi gripa margir í fyrsta símann sinn, oft en ekki áður nefndan 5110 síma eða stóra bróður hans 6110, þegar sá nýji bílar. Niðurstaðan er sú að Nokia náði að gera góða og ódýra síma til að byrja með og tryggja sér viðskipti heilu kynslóðanna. Síðan fóru þeir að gera



dýrari og oft á tíðum lélegri síma sem varð auðvitað til þess að fólk þarf alltaf að vera að kaupa sér nýjan og nýjan síma. Ekki var það svoleiðis með stígvélina. Þau endast enn.



GRÆJUR

TOPP TÓNLIST BEINT Í SÍMANN

ÉG VIL SVONA Í JÓLAGJÖF

EFTIR HJÖRVAR HAFLIÐASON

Nýr GSM sími er hversdagslegur hlutur hjá mér. Sjálfur hef ég aldrei náð að eiga sama kvikindið lengur en í hálf tón á undanskildum 61/10 Nokia símanum sem ég fékk í loks árs árið 1998 og hugsu oft til. Bara ef allir síma gætu verið eins og hann.

TIL HVERS?

„Ég þarf bara síma þar sem ég get tekið á móti símtölum, hringt, sent og fengið SMS. Annað er bara tómt rugl.“ átti ég til með að segja áður en ég prófaði nýja Sony Ericsson Walkman símann (Sony Ericsson W800). Hingað til hef ég alltaf verið Nokia maður og helst aldrei viljað sjá neitt annað. En nú hafa Sony Ericsson menn náð að hitta loksins á eitthvað sem mér líkar.

Það sem greip athygli mína í fyrstu var

nafnið, Walkman. Sjálfur átti ég alltaf Walkman ferðageislaspilara sem var ótrúlega lífseigur. Á sínum tíma voru Walkman spilarnir mögnuð apparöt og það sama verður að segja um þennan síma. Gaman að Walkman hugtakið skuli líka vera að ganga í gegnum endurnýjun lífdaga.

GÓÐ MYNDAVÉL

Mp3 spilarinn er meginadráttarafi Walkman símans. Með stöðluðum búnaði sem fylgir símanum er minnskort þar sem hægt er að geyma 150 lög. Ef það er ekki nóg getur síminn tekið allt að 1 GB minnskort og þá geturðu haft tæp 300 lög í símanum þínum og um leið hent iPodinum.



Með símanum fylgir einnig afar skörp og skemmtileg 2 megapíxla myndavél með autoflass. En það sem undirrituðum þótti skemmtilegast voru gæðin á hreyfimyndunum. Kannski er ég ekki rétti maðurinn til að tjá mig um hvað sé flott og hvað ekki, sérstaklega þar sem ég hef lítið komið nálægt Hi-tech símunum en hins vegar voru þessar hreyfimyndir magnaðar. Ef eitthvað er hægt að finna að þessu skemmtilega tæki þá er það helst að síminn kemur aðeins í appelsínugulum lit en það er algjört smáatriði.

Það er engin spurning að ég mun væla um þennan Walkman síma í jólagjöf. En ég er víst orðinn það gamall að það tímur enginn lengur að gefa mér neitt stórt í jólagjöf.

PSP OG IPOD Í SJÁLFSALA



Vinsældum iPod-spilaranna ætlar ekkert að linna og núna er þessi blessaða græja komin í sjálfsala á öllum helstu flugvöllum heims. Undanfarnar vikur hefur fyrirtækið Zoom Systems sett upp iPod sjálfsala á flugvöllum víðs vegar um heiminn og hefur salan í gengum þá gengið vonum framar.

Nú ætla þeir að láta reyna á það í Banda-

ríkjunum, að sjálfsgöðu, hvort ekki muni líka ganga að selja iPod-spilara í sjálfsölum í verslunarmiðstöðvum, hótélum, K-mart verslunum og víðar. Í umræddum sjálfsölum er hægt að kaupa sér mat, myndavélar, geislaspilara og drykkjarvörur en þrátt fyrir það hefur iPodinn verið eftirsóttasta varan í sjálfsölunum.

Hefur fyrirtækið nú í hyggju að bjóða upp á enn fleiri hátæknivörur í gegnum sjálfsala sína og ef vel gengur á að færa þessa hugmynd til annarra landa. Það eru þess vegna meiri líkur en minni á því að maður geti rölt út í Smáralind eftir ekki svo langan tíma og keypt sér eins og eitt stykki PSP-vasatölvu, stafræna myndavél eða iPod í sjálfsala.

PLAYSTATION 3 Á LEIÐINNI

SONY VEIT HVAÐ ER KÚL OG HVAÐ ER EKKI KÚL

Sony Center er verslun sem allir hafa gaman af því að kíkja í þótt ekki hafi kannski allir efni á að versla mikið þar innandyra. Fólk í Sony er að fá inn nýjar vörur eftir u.þ.b. tvær vikur, annars er úrvalið af nýjum, spennandi græjum frekar lítið eins og er.

Það sem er á leiðinni eru ný ótrúlega flott og stór 3LCD-sjónvörp og MP3-spilari með 20 GB minni og 40 tíma batterí í mun minni hönnun en hinn frægi iPod frá Apple. Bíða menn spenntir eftir gripnum sem talinn er geta veitt hinum margumrædda iPod verðuga samkeppni.

Annars er það sem flestir bíða eftir frá Sony nýja Playstation-tölvun sem hefur einfaldlega fengið nafnið Playstation 3. Hún verður náttúrulega eins og lög gera ráð fyrir betri, flottari og öflugri en sú gamla sem naut, og gerir raunar enn, mikilla vinsælda á meðal tölvuleikjaspilara. PS3 er sögð vera kynslóðaskipti í leikjatölvum en hún mun koma á skerð í fyrsta lagi í kringum mars en ekki er komið á hreint hvað gripurinn mun kosta.

Við verðum víst alltaf að bíða mun lengur eftir nýjungum hér á landi, og ekki getum við keypt þetta í útlöndum og dröslast með þetta heim vegna tollsins sem tekur á móti manni á vellinum. Við verðum þess vegna enn um sinn að bíða aðeins eftir að nýju Sony-vörurnar komi hingað til lands en í staðinn fundum við nokkrar flottar græjur úr gömlu línunum frá Sony.



SJÓNVARP SEM KOM Í LOK SEPTEMBER OG HEFUR SELST VEL, MEÐ LCD-TÆKNINNI MEÐ 14 BITA PANELDRIVER OG MILJARD LITATÓNA. VERÐ 284.950 KR.



SONY WALKMAN, MP3-SPILARI SEM ER EINNIG TIL MEÐ ÚTVARPI, ÞAÐ ER EINMITT ÞETTA ÚTLIT Á NÝJA SPILARANUM SEM ER Á LEIÐINNI. VERÐ FRÁ 17.900-24.900KR.



DJ-HEYRNARTÓL MEÐ ROSALEGT TÍÐNISVIÐ SEM GREINIR ALLT HLJÓÐ FRÁ MAGNARANUM. ÞESSI HEYRNATÓL HEITA V700 DJ VERÐ 24.995 KR.



HD5, MP3-SPILARI SEM ER SVAR SONY VIÐ ELÐRI GERÐ IPODSINS, EN ÞAÐ SEM ÞESSI HEFUR KANNSKI FRAM YFIR IPODINN ER AÐ HÆGT ER AÐ SKIPTA UM BATTERÍ Á MUN AUÐVELDARI HÁTT, ÞESSI ER MEÐ 20 GB MINNI OG 40 TÍMA BATTERÍ. VERÐ 49.950 KR.



CYBERSHOT-MYNDAVÉLINA ERU FLESTIR FARNIR AÐ ÞEKKA. NÝJSTA ÚTGÁFAN AF HENNI ER KOMIN Í VERSLANIR SONY CENTER Í KRINGLUNNI.



ALVÖRUMYNDAVÉL FYRIR ALVÖRULJÓSMYNDARA. ÞESSI GRÆJA ER AF DÝRARI GERÐINNI FRÁ SONY. EIN MEÐ ÖLLU. HÖNNUÐ FYRIR VANDLÁTA.

TÆKNIFRAMFARIR ÖRAR Í HEIMI KYNLÍFSLEIKFANGA

Sirkus Reykjavík heimsótti verslunina Venus sem er staðsett að Flókagötu 2. Guðbjörg Marta Pétursdóttir verslunarstjóri tók á móti blaðamanni og sýndi honum fram á að tækniframfarir hafa verið örar í heimi kynlífsleikfanga á undanförunum árum.

„Það má segja að það séu allir hópar farnir að versla hjá okkur. Þetta er alls ekki bara ungt fólk eins og eflaust margir halda. Markhópur okkar verður stærri og stærri og ég held að það sé ekkert feimnis-mál að ganga inn í verslun eins og okkar lengur. Karlmenntilgjafar vilja helst mæta þegar aðrir karlmenn eru að vinna en ég reyni að láta þeim líða þannig að þeir þori að spyrja um það sem þeir vilja.“

„Það er alltaf gestagangur í búðinni auk þess sem fólk nýtir sér vefsíðuna okkar og hringir og pantar í gegnum síma,“ sagði Guðbjörg Marta aðspurð hvernig aðsóknin í búðina væri.

En er eitthvað eitt vinsælla en annað hjá ykkur?
„Eggin eru rosalega vinsæl og það á alveg ótrúlegur fjöldi kvenna slík egg og margar hverjar fleiri en eitt. Cyper-egginn eru rosalega vinsæl eins og allt Cyper-dót.“

Já, er ég asni ef ég spyr þig hvað Cyper sé?
„Þetta er Cyperskin sem er efni sem er eins líkt alvöruhúð og hægt er. Þannig að þetta er mjúkt og þægilegt fyrir viðkvæma staði. Efnið er vinsælt utan á eggjum, dildóum og fiðrildum.“




RABBIT PEARL

Þessi varð heimsfrægur eftir umfjöllun í Sex and the City. Þetta er tvívirkur titari með perlum fyrir miðju og snýst titarinn þar, einnig er lítil kanína á honum til að auka á ánægjuna. Fjarstýringin er tvískipt svo hægt er að stilla á tvenns konar hraða.

DOLPHIN ERECTION AROUSER

Eitt af vinsælasta paradótinu okkar er höfrungurinn. Höfrungurinn er settur á karlmanninn og veitir báðum titring með litla micro egginu sem er inni í höfrungnum.



TRIPLE PLAY

Triple Play pakkinn inniheldur micro-egg sem er lítið og nett og eru 2 hulstur með í pakknum. Þrátt fyrir smæðina er eggjið kröftugt og gott. Hulstrin eru úr góðu, mjúku efni og þægilegu efni.



LAVENDER 6PACK

Þetta sett inniheldur 2 titrara ásamt 4 hulstrum, titrararnir eru af hvor af sinni stærðinni og eru báðir kröftugir og góðir. Hulstrin eru mismunandi að stærð og lögun svo þú færð nokkra möguleika í einum pakka.



PENTHOUSE CYPER FLICKER

Penthouse-eggjið er sívinsælt og er uppfærsla af eldra egginu. Það er með nýrri fjarstýringu sem býður uppá 5 skemmtilegar stillingar, púlsta og venjulegan titring. Cyper flickerinn er með cyperskin-húð utan um eggjið, húðin er mjúk viðkomu og það næsta sem kemst raunverulegri húð.



PlayStation 2

Ég skora á ykkur
í skemmtilegasta
spurningaleik
ársins

Frá
framleiðendum
Singstar

Newton, Einstein og nú...Buzz. Spurningaséni sem er ákveðinn í að færa ykkur spennu, hasar og undarlega brandara heim í stofu. Þú og allt að þrjú aðrir áhugamenn um spurningakeppni þurfa hér að svara meira en 5000 spurningum með því að hlusta á yfir 1000 lagabúta. Sá sem vinnur verður krýndur konungur spurningaleikjanna. Leiknum fylgja meira að segja sérstakir spurningahnappar. Tapið ykkur, það er það sem þið viljið.

PlayStation 2

3+

BUZZ!

▶ KOMINN Í VERSLANIR!

góða skemmtun ▶



sena

FÉLAGARNIR
BACK TO THE FUTURE MYNDIRNAR
SÝNDU ÝMSAR NÝJUNGAR, ÞEIRRA Á
MEÐAL SVIFBRETTIÐ SEM NÚ ER RAUN-
VERULEGA HÆGT AÐ BÚA TIL.

OG VIÐ SVÍFUM UM EINS OG MICHAEL J. FOX

NEMA HVAÐ BRETTIÐ ER BARA ALLT ANNAN EN KÚL

Alveg síðan Back to the Future 2 kom út á sínum tíma hefur fólk dreymt um að geta ferðast um á svokölluðu svifbretti. Nú, 16 árum eftir að myndin var frumsýnd, er þessi draumur loksins að verða að raunveruleika þótt svifbrettið sé kannski ekki allveg eins svalt og það var í myndinni.

HJÓLABRETTI ÁN HJÓLA

Í Back to the Future var svifbrettið, sem Michael J. Fox notaði, lítið, nett og bleikt bretti sem helst líktist hjólabretti án hjóla. Á þessu gat hann ferðast um á ógnarhraða og gert alls konar svöl trikk. Því miður er þetta ekki reyndin með þau svifbretti sem raunverulega eru til eins og myndirnar hérna sýna. Alvöru svifbrettin líkjast helst straubretti með sláttuvéla-mótor ofan á. Raunar er ein útgáfan af þessu blessaða bretti ekkert annað en einmitt spýta með sláttuvélamót, en einhvern veginn hafa einhverjir nördar náð að láta þetta virka.

ER ÞETTA EKKI BARA KJAFTÆÐI?

Þegar leikstjóri Back to the Future, Robert Zemeckis, birtist eitt sinn í viðtali vegna gerðar myndarinnar, sagði hann að svifbrettið væri í raun löngu tilbúið og tilbúið að fara á markað, en að leikfanga-framleiðendur hefur einfaldlega aldrei fengið tilskilin leyfi til að setja þau á markað. Við þetta varð allt vitlaust og fyrirtækið Mattel fékk þúsundir upphringinga og fyrirspurna hvenær þeir myndu setja svifbrettið sitt á markað. Mattel lógóid var nefnilega að finna á svifbretti Michael J. Fox í myndinni og var fólk ekki lengi að leggja saman tvo og tvo. Orð leikstjórans reyndust hins vegar algjört kjaftæði, en vegna fjölda fyrirspurna hóf Mattel þróun á svifbrettum og útkoman er straubrettið sem sést hérna að ofan. Mattel setti það hins vegar aldrei á markað.

EKKERT MÁL

Þeir sem eru æstir í að eignast svifbretti

geta nálgast allar upplýsingar um það á netinu. Það er hægt að panta þetta, en víðast hvar eru menn þó aðeins að selja upplýsingar um hvernig hægt sé að smíða svona græju. Þær upplýsingar kosta um 50 dollara sem er einhver tæpur 4000 kall og menn lofa því að ekkert mál sé að smíða svifbretti sem kosti minna en 50 þúsund kall, og er mótorinn meira að segja inni í þeirri tölu.

Meðalsvifbrettið kemst alveg upp í 30 kílómetra á klukkustund og er þannig gert að ef maður stekkur af eða dettur þá slokknar á græjunni svo hún haldi ekki áfram að svífa um stjórnlaut. Það er bensínsmótor sem knýr græjuna áfram og svo er þessu einfaldlega stjórnað með þyngdarafliinu. Þetta er kannski ekki besti ferðamáttinn sem völ er á í dag en þetta er óneitanlega svalt þótt brettið sé langt í frá eins svalt og í Back to the Future. En síðan hvenær hafa hlutir verið í alvörunni eins og þeir eru sýndir í bíómyndunum?

SVIFBRETTIÐ

Fjöldi farþega – ein manneskja / Hámarksþyngd – 120 kg / Svifhæð – um 10 cm frá jörðu / Hámarkshraði – 30 km/klst / Stjórnkerfi – þyngdaraflið og bremsa / Getur svifð á – steypu, sandi, grasi, ís, snjó og vatni.



EINS OG Í MYNDinni
MICHAEL J. FOX Í NETTRI SVEIFLU Á SVIFBRETTINU SÍNU.



EKKI ALVEG EINS SVALT
SVIFBRETTIN SEM RAUNVERULEGA ERU TIL
LÍTA HELST ÚT FYRIR AÐ VERA
STRAUBRETTI MEÐ MÓTOR OFAN Á.



SVIFBRETTI
ÞETTA ER VÍST HÆGT AÐ EIGNAST FYRIR UM
50 ÞÚSUND KALL Í HENNI AMERÍKU.

GRÆJUR

ÞARFAPING FYRIR ALLA MENN MEÐ VITI

ER ÞAÐ VIRKILEGA? JÁ, ÞETTA ER LÓFATÖLVA MEÐ GPS

Fyrstu lófatölvurnar með innbyggðum GPS staðsetningarbúnaði eru komnar á markað. Framleiðendurnir eru Fujitsu Siemens Computers, stærstu tölvuframleiðendur í Evrópu.

Tölvan þykir marka straumhvörf meðal ferðamanna sem hafa lengi beðið eftir slíku tæki. Tölvan kemur í verslanir eftir áramót og þá ættu margar milljónir að sparast hér á landi því endalaust er verið að kalla út björgunarsveitarmenn og þyrlur til að leita að erlendum ferðamönnum sem týnast einhvers staðar á fjöllum. Með tilkomu tölvunnar með GPS-staðsetningartækinu ætti þetta vandamál að vera að mestu úr sögunni því þá ætti að vera minna mál fyrir útlensku greyin að rata um óbyggðir Íslands.

Nýju lófatölvurnar heita The Pocket LOOX N500 og Pocket LOOX N520, keyrðar á Microsoft Windows Mobile 5.0 Premium Edition stýrikerfi og NAVIGON MobileNavigator 5 sem valkosti, hvað svo sem það þýðir. Þetta er alla vega hörku græja sem allir verða bara eignast ef þeir ætla að vita hvar þeir eru staddir í heiminum. Ekki er ljóst að svo stöddu hvað þessi litli og handhægi gripur muni kosta út úr búð en það verður örugglega allt viðráðanlegt fyrir hinn almenna neitanda. Svo er líka bara hægt að marsera út í banka og ná sér í tölvulán.

LÓFATÖLVAN
ALGJÖR SNILLD
SEGJA SPEKING-
ARNIR.



FERÐAMENN
ÞESSI ÞARF EKKI AÐ Hafa ÁHYGGJUR AF Því AÐ
TÝNAST EF HANN FJARFESTIR Í LÓFATÖLVU MEÐ
INNBYGGÐUM GPS-STAÐSETNINGARBÚNAÐI.

SIRKUSMIÐINN

ÞESSI FRÁBÆRU TILBOÐ ENDURGREIÐA ÞÉR SIRKUS RVK OG GOTT BETUR!

FULLKOMIN HELGI Í REYKJAVÍK

megasól
S: 571 7171

2 FYRIR 1
ALLA DAGA VIKUNNAR

gegn framvísun þessa miða

2 fyrir 1 á hjómsveitabolum*

DOGMA

LAGGAVEÐI 50 | SLEIÐARTORGI
SÍMI 592-8800 | SÍMI 481-1818

* gegn framvísun þessa miða / gildir út nóvember 2005

HVER STÓRBORG HEFUR SÍNAR TÝP-
UR SEM SUMIR LÍTA UPP TIL, AÐRIR
LÁTA FARA Í TAUGARNAR Á SÉR, EN
SETJA ÞÓ ÓHJÁKVÆMILEGA SVIP Á
BORGARLÍFIÐ. SUMAR TÝPUR MÁ
FINNA Í HVERRI STÓRBORG, AÐRAR
ERU SÉRSTAKAR FYRIR HVERJA
BORG FYRIR SIG. HVAÐA TÝPUR
EINKENNA REYKJAVÍK?

TÝPURNAR Í

→ EINHLEYPA GLÆSIKONAN

Sama hvort hún er hlær, grætur, fær sér bröns eða sefur hjá, ávallt er hún glæsileg. Áberandi í Hverjir voru hvar dálkum, veit hvað hún vill en ekki endilega hvern hún

vill. Einhleypa konan eyðir miklum tíma í að leita að draumaprinsinum, en innst inni er hún líklega ekki viss um að hún vilji finna hann.

HELSTA FYRIRMYND:

CARRIE BRADSHAW.



→ VERÐBRÉFASALINN

Ríkustu Íslendingarnir eru ekki lengur kvótakóngar eða forstjórar fyrirtækja heldur verðbréfasalar sem sjaldnast tengjast einni vöru eða fyrirtæki of lengi. Undanfarinn áratug

dreymdi alla um að stofna hljómsveit og stefna á heimsyfirráð eða dauða, en núna dreymir menn um að stofna banka og kaupa Búlgaríu.

HELSTA FYRIRMYND:

GORDON GEKKO



→ HNAKKAMELLAN

Dýrategund sem lengi hefur verið vitað um en er loksins búin að fá fræðiheiti (horus hnakkus). Lífshlaup hnakkamellunnar er stutt í náttúrunni en tegundin er fljót að fjölga sér. Kýs helst að æxlast með handboltamönnum, en

eldri karlmenn koma einnig til álíta svo fremi sem þeir eigi snekkju. Hverfur fljótlega þegar hún verður þunguð, en birtist jafnóðum aftur þó að þá hafi yngri eintök tekið yfir athafnasvæði hennar.

HELSTA FYRIRMYND:

PARIS HILTON



→ SIRKUSTREFILLINN

Á erfitt með að feta sig í þjóðfélagi sem vegsamar helst fjármagn og fegurð, en dreymir um bæði. Eyðir löngum stundum á kaffihúsum og börum í leit að innblæstri, og á það til að lesa upp óþekkt ljóð fyrir

ókunnugt kvenfólk, yfirleitt við dræmar undirtektir. Tegundin fjölgar sér sjaldan náttúrulega, en ávallt virðast nýir treflar fylla í skarðið þegar henni fækkar sökum lífraskemmda.

HELSTA FYRIRMYND:

TOM WAITS



→ DYRAVÖRÐURINN

Hans er ríkið, mátturinn og dýrðin. Drottinnar yfir skemmtistaðnum, og það er undir honum komið hvort þú færð tækifæri til að

fá þér á broddinn eða ekki. Dyraverðir gera verið harðbrjósta, en Gussi á Óliver er að koma með meiri mýkt í stéttina.

HELSTA FYRIRMYND:

PATRICK SWAYZE Í ROADHOUSE



→ PÖNKARINN

Hefur þróast talsvert með árunum, frá því að vera spíttfrik á Hlemmi í að vera grænmetisæta með miklar áhyggjur af umhverfismálum. Stéttin verður fjöl-

menn við og við þegar gítarsóló detta úr tísku, en alltaf er einhver harður kjarni sem manna hana. Kannski að Kárahnjúkavirkjun pumpi nýju lífi í hana.

HELSTA FYRIRMYND:

JELLO BIAFRA



→ FRÉTTASNÁPURINN

Hvar sem spilling fyrirfinnst, hvar sem brotið er á litla manninum, hvenær sem stjórnmálamenn hækka eigin laun eða frægt fólk sést

saman eða kveikir sér í sígarettu sést blaðsnápurinn á svæðinu skrifa niður stikkorð sem rata inn á forsiður daginn eftir.

HELSTA FYRIRMYND:

KENT BROCKMAN



→ TÍSKUKÓNGURINN

Kemur í tveimur gerðum, sem artítýpa eins og Nonni Sæm eða snyrtilegri týpa a la Frikki Weiss. Nú þar sem allir eru orðnir metrómenn er teg-

undin í mikilli útrýmingarhættu og hætta á að hún hverfi aftur inn í fjöldann. Nema hún reyni að skera sig aftur úr með því að vera subbuleg.

HELSTA FYRIRMYND:

BREYTTIST DAG FRÁ DEGI EF MENN ERU AÐ FYLGJAST MEÐ TÍSKUNNI.



→ ÚTLENDINGURINN

Túristinn er annaðhvort á skemmtistöðum borgarinnar að drekka dýrasta bjór í heimi ef hann er kominn í lággjaldaferð frá Bret-

landi eða að tynast uppi á fjöllum með dósamat ef hann er frá Þýskalandi. Eykur kyn sitt ár frá ári og alltaf fjölgar þeim.

HELSTA FYRIRMYND:

HARRISON FORD



→ NÝBÚINN

Fer talsvert minna fyrir honum en túristanum, þó hann sé mun fjölmennari, en hefur ekki jafnmikið ráðstöfunarfé.

HELSTA FYRIRMYND:

DORRIT MUSSAEFF



STÓRBORGIN

NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

FER EFTIR ALDRI.
BYRJAR Á BARNUM Á
HÓTEL 101 OG ENÐAR Á
KAFFI REYKJAVÍK.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ ALLIR VERÐI ÁFRAM
EINHLEYPÍR.



ENDAR LÍKLEGA

MEÐ ÞVÍ ÁÐ GRÁTBÍÐJA
UM ÁÐ FÁ BÖRN VIN-
KVENNA SINNA LÁNUÐ
TIL ÁÐ FARA MEÐ Í FJÖL-
SKYLDUGARÐINN.



BJARTASTA VONIN:

SNÆFRÍÐUR INGADÓTTIR



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

TELUR SIG EIGA HEIMA Í CITY
OF LONDON EN LÍÐUR LÍK-
LEGA BETUR Á REX.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ KAUPA SÉR EITTHVAÐ
LAND Í AUSTUR-EVRÓPU
OG ENDURSKÍRA ÞAÐ
GROUP.



ENDAR LÍKLEGA

MEÐ KÓKÁINFÍKN OG
GJALÐPROTI.




BJARTASTA VONIN:

HANNES
SMÁRASON



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

PRAVDA Í REYKJAVÍK,
SHOOTERS Í KÓPAVOGI,
TRAFFIC Í KEFLAVÍK, HVAR
SEM ER Á SELFOSSI.



ÆÐSTI DRAUMUR:

MAÐUR SEM ER BÆÐI
MEÐ VÖÐVA OG Á
SNEKKJU.




ENDAR LÍKLEGA

ÓLÉTT AFTUR.



BJARTASTA VONIN:

BRYNJA BJÖRK



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

SIRKUS, FÆRIR SIG
SVO YFIR Á GRAND
ROKK MEÐ TÍMANUM.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ VERA VIÐURKENND-
UR SEM SNILLINGUR AF
SINNI SAMTÍÐ.



ENDAR LÍKLEGA

ÓUPPGÖTVAÐUR AF
SAMTÍÐARMÖNNUM. OG
ÞEIM SEM EFTIR KOMA
LÍKA.




BJARTASTA VONIN:

EIRÍKUR NORÐDAL



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

HVAR SEM ÞÚ FINNUR DYR
OG GLEÐI FYRIR INNAN,
FINNURÐU DYRAVÖRÐ, ÞÓ
SUMIR SÉU SJÁLFSKIPAÐIR.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ VERÐA STERKASTI
DYRAVÖRÐUR Í HEIMI.



ENDAR LÍKLEGA

SEM HANDRUKKARI FYR-
IR KKK INNHEIMTUPJÓN-
USTU ANNÞÓRS
KRISTJÁN KARLSSONAR.




BJARTASTA VONIN:

JÓI B.



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

Í MÓTMÆLENDABÚÐUM Á
KÁRAHNJÚKUM EÐA ÆFING-
ARHÚSNÆÐI Í TÞR.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ KNÉSETJA
FJÖLBJÓÐAFYRIRTÆKI.



ENDAR LÍKLEGA

ÞAR SEM HANN ER.



BJARTASTA VONIN:

SIGGI ÞÖNK



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

ÞAR SEM FRÉTTIRNAR GER-
AST. EÐA Á ÖLSTOFUNNI.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ KLÁRA SKÁLDSÖG-
UNA. EÐA ÁÐ FÁ ÁÐ LESA
SJÓNVARPSFRÉTTIRNAR.



ENDAR LÍKLEGA

SEM RITSTJÓRI
LÍFSTÍLMARITS.



BJARTASTA VONIN:

SÖLVI TRYGGVASON



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

SJÁ FYRIR FRAMAN.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ EINHVER TÍSKA
VERÐI SKÍRÐ Í HÖF-
UÐIÐ Á HONUM.



ENDAR LÍKLEGA

ÚR TÍSKU.




BJARTASTA VONIN:

FRIKKI WEISS.




NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

Á HÓTEIUM REYKJAVÍKUR,
SKRÍÐANDI HEIM Í MORG-
UNSÁRIÐ.



ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ FINNA ÞETTA LÉTT-
LYNDA ÍSLENSKA KVEN-
FÓLK SEM ALLTAF ER
VERIÐ ÁÐ AUGLÝSA.



ENDAR LÍKLEGA

FULLUR OG EINMANNA.



BJARTASTA VONIN:

HARRISON FORD



NÁTTÚRULEGT UMHVERFI:

Á HÓTEIUM REYKJAVÍKUR,
ÁÐ BÚA UM.




ÆÐSTI DRAUMUR:

ÁÐ GETA HAGAÐ SÉR
EINS OG TÚRISTI Í
REYKJAVÍK.



ENDAR LÍKLEGA

MEÐ EIGIN
VEITINGASTAÐ.



BJARTASTA VONIN:

SHEBA WILKINS



SÓL 101

NÝJUSTU

PERURNAR

Í BAENUM



STAKUR TÍMI
FYLGR ÖLLUM
KORTUM!



ÖLL TILBOÐIN GILDA ÚT NÓVEMBER MÁNUÐ 2005



10 TÍMAR Í EINN
MÁNUÐ!

3.499,-



ÖLL TILBOÐIN GILDA ÚT NÓVEMBER MÁNUÐ 2005



10 TÍMAR Í ÞRJÁ
MÁNUÐI!

3.999,-



ÖLL TILBOÐIN GILDA ÚT NÓVEMBER MÁNUÐ 2005

SÓL 101 SÓLBAÐSTOFA AÐALSTRÆTI 9 101 REYKJAVÍK SÍMI. 551 0256

VERIÐ EKKI
FÖLI!

ALLTAF GÓÐ
TÓNLIST

SÆTAR
STELPUR

BRÚNKA
Í BEINI

SÓLSTRANDAR
STEMNING




GÓÐUR SIRKUS

Í STÓR FÓTSPOR AÐ FYLLA MEÐ UPPSETNINGU VESTURPORTS Á WOYZECK

STÓRLEIKARINN INGVAR E. SIGURÐSSON FER MEÐ AÐALHLUTVERKIÐ Í WOYZECK OG SÝNIR EKKI BARA ÁGÆTIS LEIK HELDUR EINNIG MIKLA HÆFILEIKA Í LOFTFIMLEIKUM.



VÍKINGUR OG INGVAR Í HLOTVERKUM SÍNUM. VÍKINGUR ÞYKIR FARA Á KOSTUM Í SÝNINGUNNI.



Leikritið Woyzeck hefur oft ratað á svið, en minnstu munaði að það kæmist aldrei þangað. Þýska leikritaskáldið Georg Buchner samdi það árið 1839, en það byggist á sannri sögu um hermanninginn Franz Woyzeck sem fór illa út úr stríðinu, læknastökum og ástarmálum. Leikritið var óklárað þegar Buchner lést, sem er líklega ein ástæða þess að margir hafa freistast til að túlka það síðan, og flestir með nýstárlegum hætti. Leikritið var loksins gefið út árið 1879, en það var fyrst í kjölfar firringar heimstyrjaldarinnar fyrri sem það vakti verulega athygli. Tónskáldið Alban Berg byrjaði að semja óperu upp úr leikritinu heima í leyfi frá stríðinu, og var óperan frumsýnd árið 1925 undir nafninu Wozzek. Var það eitt fyrsta verkið sem var ekki í neinni tóntegund.

BRJÁLÆÐI Í MYND OG ÚR

Árið 1979 gerði Werner Herzog rómaða kvikmyndaútgáfu af verkinu. Þar fór hinn brjálaði Klaus Kinski með hlutverk hins sturlaða hermanna, og var ekki alltaf auðvelt að sjá hvenær hann var að leika og hvenær ekki. Árið 1992 setti Handsprings-hópurinn í Suður-Afríku það upp sem brúðuleikrit. Sama ár var það flutt á Shakespeare-hátíð í leikstjórn Joanne Akalaitis með tónlist eftir Philip Glass. Árið 2000 var útgáfa Roberts Wilsons frumsýnd í Kaupmannahöfn með tónlist eftir Tom Waits, en tónlistin var gefin út á plötunni Blood Mon-

ey. Í útgáfu Vesturports tekur Nick Cave við af þeim Tom Waits og Philip Glass. Nú er sýningin kominn heim aftur eftir að hafa verið sýnd hér á opnum æfingum í september og var endurfrumsýnd síðasta föstudag.

ÞEGAR DREKKJA Á KONU...

Útfærsla Vesturports er enn afar ólík fyrri uppsetningum, og reyndar meira í ætt við útgáfu hópsins af Róméó og Júlíu. Leikararnir eyða stórum hluta af sýningunni hangandi í köðlum yfir áhorfendum, og er alveg hreint ótrúlegt hvað leikararnir eru góðir loftfimmleikamenn. Og rétt eins og í góðum sirkus hefur maður stundum áhyggjur af hvernig fari fyrir áhættuleikurinum, var Ingvar snúinn úr líði eða var Nínu Dögg raunverulega drekkt? Þegar Woyzeck tekur upp á því að drekkja aumingja konunni á maður helst von á að Nick Cave komi gangandi inn á sviðið syngjandi Where the Wild Roses Grow, og bendi Ingvari á að betra sé að nota grjóf ef þarf að ganga frá kærustunni við árbakka. Hinn íslenski Woyzeck er ágætis skemmtun, en spurning er hvort hefði ekki verið betra að leyfa dauðum Þjóðverjum að liggja, þar sem lítið fer fyrir samræðum og söguþræði Buchners. Spannandi verður að sjá hópinn takast á við leikskáld sem er ekki bara íslenskt heldur lifandi, og hvort að sjómannaþýður Jóns Atla fari á flug í Brim.

AF HVERJU EKKI Í REYKJAVÍK?

Það verður brettabíó í Reykjavík á morgun, laugardaginn 5. nóvember, því þá ætlar Brettafélagið að standa fyrir frumsýningu á nýjstu snjóbrettamynd landsins, Why Not? Team Divine gengið frá Akureyri hefur ferðast víða undanfarið og í myndinni fáum við að sjá hvað drifið hefur á daga þess á þessum ferðalögum. Þeir Eiki, Gulli, Viktor, Halldór og vinir þeirra fóru um alla Evrópu til að renna sér á snjóbretti og hér fáum við að sjá eðalsnjóbretta- og skeitstunt í bland við nett flílalæti. Frumsýning myndarinnar er í Laugarásbíói

kl. 18 og kostar litlar 500 krónur inn. Þegar Akureyringarnir hverfa af hvíta tjaldinu verður annarri brettaræmu rennt í tækið en það er myndin Blackout frá Wildcats. Það teymi samanstendur af köppum á borð við Kale Stephens, Paavo Tikanen, Devun Walsh, Gaetan Chanut, Tadashi Fuse og fleirum en hluti liðsins kom hingað til lands í tvær vikur til að taka upp ekki alls fyrir löngu. Eiki, Gulli og Viktor voru svo heppnir að fá að fljóta með og koma þeir allir fyrir í Blackout enda er þar að finna sérkafla um Ísland.





EDITH GOES SOLO

Brynhildur Guðjónsdóttir hefur sent frá sér plötu á vegum 12 tóna en hún sló eftirminnilega í gegn sem Edith Piaf í Þjóðleikhúsinu fyrir ekki svo löngu og seldist platan þar fyrir utan eins og heitar lummur. Nýja platan hennar Brynhildar heitir BBØ og inniheldur 14 lög, víðs vegar að. Gísli Galdur kemur við sögu í einu laganna og þá syngur Krummi í Mínus dúett með Brynhildi í öðru.



HANN ER FRJÓSAMUR GRÖNDALURINN

Söngkonan unga og sívinsæla Ragnheiður Gröndal hefur sent frá sér nýja plötu sem hún nefnir After the Rain, þar sem hún syngur og spilar á píanó lög eftir sjálfa sig og aðra. Þetta er þriðja plata Rangheiðar sem hefur verið mikið hæpuð upp á síðkastið, enda er stúlkan rétt að verða 21 árs gömul. Ragnheiður hefur áður leikið og sungið með hljómsveitum á borð við Ske en er nú ein síns liðs.



HERDEILDIN Í HIMNARÍKI LÖDUÁHUGAMANNA

EFTIR VAL GUNNARSSON

„Ég er að labba framhjá Vetrarhöllinni. Það er verið að auglýsa skoðunarferðir fyrir túrista hérna, svo ég reyni að koma mér á hljóðlátari stað,“ segir Gímaldin, herforingi 5. herdeildarinnar sem er nýfluttur til Pétursborgar.“ Hann gengur yfir Vetrargarðinn og heyrir panta sér Carlsberg á rússnesku á veitingastað áður en samtalið heldur áfram. „Ég er í reykingabindindi núna og vil því helst ekki drekka kaffi,“ segir Gímaldin, einnig þekktur sem Gísli.

RÚSSLAND EINS OG EINN STÓR KARLAKÓR

Hann er óðum að tileinka sér tungu innfæddra. „Hún kom greitt fyrsta mánuðinn en er ekki búin að þróast mikið síðan. Þetta er ennþá á svona street level.“ Herdeildin er nýbúin að taka upp plötu í stúdíói Stjörnukisamanna, Veðurstofunni, sem ber nafnið Skipið siglir. „Hún kemur út fyrir júl. Þetta er rússnesk útgáfa en ég reyni að lauma farmi heim. Herdeildin hefur verið að þróast yfir í karlakór, sem er náttúrulega afar rússneskt, þetta er eins og einn stór karlakór hér.“

En fyrir utan karlakóra, hvernig er stemningin í Rússlandi?

„Það er stundum eins og það sé skref aftur á bak að koma hingað, en er það endilega svo slæmt að vera gamaldags?“

Ég skrifa svar hans á blað og lem í tölvuna sem aldrei virðist virka.

ÍSLENDINGAR ÆTTAÐIR FRÁ ASERBAÍDSJAN.

„Það er þó ekki gott að vera gamaldags þegar kemur að umhverfissjónarmiðum. Rússar myndu líklega reisa álbræðsluver hérna í miðri borginni ef það byðist. Þeir eru einnig afar nýtnir. Maður sér reglulega 50 ára gamlar Lödur hérna sem menga meira með árunum. Það eru varla nokkrar



Lödur eftir á Íslandi, þannig að þetta er sannkallað himnaríki fyrir Löduáhugamenn, sem ég þekki nokkra af.“

En fyrir utan almennan áhuga á Lödum, hvað dregur Herdeildarmann til Rússlands?

„Við erum á mála hjá fyrirtæki sem gefur út heimstónlist. Þeir gefa út tónlist frá löndum eins og Íran, Túrkménistan og nú Íslandi. Það eru annars sterk tengsl milli Íslands og Azserbaídsjan og kenningar uppi um að Íslendingar séu í raun komnir af ættbálki sem hafi verið hrakinn þaðan. Hugmyndin um Rússland er eins og óljós áfangastaður, en Íslendinga vantar leiðsögumenn. Ég er að hugsa um að fara í sendiráðið og kanna möguleikan á nýju Sovétlýðveldi Íslands og Aserbaídsjan.“

LÖGREGLAN EINS OG Á BLÖNDUÓSI

Nýja platan er með íslenskum textum

sem verða þýddir yfir á rússnesku á meðfylgjandi bæklingi. „Ég var að leita að ákveðnum hljómi síðast sem ég held ég sé að nálgast betur núna. Síðasta plata var tekin upp um miðjan vetur og ég var of mikið að horfa á David Lynchmyndir. Þessi plata er mýkri og rússneskari. Það verða miklu fleiri lög, og einnig munu birtast hér harðari rokkklög sem hafa fylgt okkur í gegnum tónleikaferilinn.“

Fyrir utan að gefa út plötu og reyna að leiða Íslendinga aftur á heimkynni sín við Svartahaf er Gímaldin einnig í námi í borg keisaranna. „Þetta er eins og að starfa við listdans á Íslandi, þeir taka af manni passann og halda honum í gíslingu. Það getur verið varasamt að ferðast passalaus, því lögreglan hér er eins og á Blönduósi og mikið fyrir að sekta menn til að drýgja tekjurnar.“

SMÁSTELPUR ÓÐAR Í SIGUR RÓS

Gímaldin hefur að sjálfsögðu kynnt sér tónlistarlíf borgarinnar. „Meinstrímið er frekar í Moskvu meðan öndergráðið er í Pétursborg. Það er meiri konsepttónlist hér. Ef þú nefnir Sigur Rós á nafn hrynja smástelpur niður eins og flugur og ef þú segist vera frændi Orra áttu skyndilega fullt af nýjum vinum. Nóri Albínói var alltaf í fremsta rekka hérna á vídeóleigunni þangað til kom í ljós að þetta var einhver Íslendingur sem kom og færði hana fremst. Ég hef líka hitt Pólverja sem hafa verið með Hallgrím Helgason á heilanum.“ Það er aldrei að vita nema Herdeildin slái í gegn í himnaríki Löduáhugamanna, og að Gímaldin verði loks þekktur fyrir eitthvað annað en meintar mægðir sínar við Sigur Rós.

GAMLI GÓÐI MÓRALLINN

Skítamórali á eins og alþjóð veit rætur að rekja til Selfoss þar sem sveitin var stofnuð árið 1989. Það gerir 16 ára starfsferil sem er ekkert smáræði. Bandið fór að vísu ekki að vekja athygli fyrr en árið 1995. Síðan þá hafa þeir meira eða minna verið á toppnum hér heima. Núna eru þeir komnir með enn eina plötu sem hefur fengið nafnið Má ég sjá.

Það þarf svo sem ekki að fjölgrá um þá tegund tónlistar sem Mórallinn leikur. Þetta er popp og aftur popp þótt þeir séu augljóslega að reyna að rokka þetta upp á köflum. Raunar tekst það á stöku stað en um leið og söngurinn fer að heyrast yfir tónlistina fer maður aftur að hugsa popp. Og þetta er svo sem ágætis popp, sérstaklega fyrir þá sem fíla þessa tegund tónlistar.



MÁ ÉG SJÁ

★★★★★

Ég efa ekki að Skítamóralisaðdáendur taka þessari plötu fagnandi enda er hún vel unnin og uppfull af grípandi lögum, sem sum hver hafa reyndar áður slegið í gegn.

Áhugavert er líka að sjá að svo virðist sem að Dr. Gunnir sé orðinn einn af uppáhaldslagahöfundum Einaris Bárðar því fyrsta lag plötunnar er gamli Ununslagarinn Ástin (dugir að eilífu) sem Páll Óskar söng með sveitinni á sínum tíma. Önnur tókulög er að finna á plötunni s.s. Hún eftir Þorvald Bjarna og Andreu Gylfa og svo eiga kappar eins og áður nefndur Einar Bárðar, Sigurjón Brink, Frikki Sturlu og Vignir Snær sinn þátt í lagasmíðunum. Lag Vignis, Má ég sjá, er fnt en greinilega samið undir sterkum áhrifum frá The Hives og böndum í þeim stíl.



Í sjálfu sér finnst mér þetta ekki merkileg plata, hún vinnur reyndar á og bestu löggin er að finna síðast á skíf- unni, en þessi plata á eflaust eftir að seljast í bílförnum enda þægilegt og grípandi popp þarna á ferðinni. Allur frágangur er til fyrirmyndar þannig að þetta hefur allt til brunns að bera fyrir markaðinn.

Ágúst Bogason

SYKURHÚÐAÐ TEIKNIMYNDAPÖNK



ÁSTFANGIN OG SKAPANDI

Já, það er rétt sem þið heyrið. Kristín Ýr úr hljómsveitinni Igore og Brynjar Már útvarpsmaður af FM 957 hafa gert saman lag sem þau reyna nú að koma í spilun á útvarpsstöðvum bæjarins. Fyrir þá sem ekki vita þá er þetta stjórnupar ástfangið upp fyrir haus en ástir tókust með þeim í sumar sem ekki sér fyrir endann á. Greinilegt er að ástin hefur hvatt þetta ágæta og tónelskandi fólk til að gera eitthvað skapandi saman og er nýja lagið þeirra afrakstur þess. Við á Sirkus RVK hlökkum til að heyra meira.



Tvær hljómsveitir eru nú að vinna að plötum í stúdíó Veðurstofunni við Skúlagötu, sem er í eigu þeirra Boga og Gísla Bacon-liða og fyrrverandi Stjórnumkisamanna. Önnur þeirra, Dýrðin, verður gefin út í Bandaríkjunum og hin, með Fimmtu herdeildinni, verður gefin út í Rússlandi. Svo virðist því sem að við Skúlagötuna sé verið að undirbúa innrás í gömlu kalda stríðs stórveldin.



„Konan hans Magga ýtti honum út í þetta. Hún var orðin leið á að hafa hann hangandi heima, og upp úr því var hljómsveitin endurreist“ segir Hafdís í Dýrðinni um endurkomu hljómsveitarinnar, en Dýrðin var í hlé frá því árið 1997 til 2004. Maggi þessi spilar á bassa, Hafdís syngur en bróðir hennar Einar, sem einnig vinnur hjá tölvuleiknum Eve Online, er gítarleikari og jafnframt helsti lagahöfundur sveitarinnar. Um áslátt sá trommuheilinn Dr. Rhythm á sínum tíma, en honum hefur nú verið skipt út fyrir trommuleikara af holdi og blóði, sjálfan Tóta úr hinnu goðsagnakenndu hljómsveit Vonbrigði. „Hann er alveg snarbrjáláður, og það er gott að fá nýtt blóð inn,“ segir Hafdís. „Hann á ekki erfitt með að slá út trommuheilann. Ég held að það sé annaðhvort búið að henda Dr. Rhythm eða selja hann.“



RÚSSNESKUFRAÐINGAR ROKKA

Hafdís er með BA í rússnesku, og fæst við þýðingar þegar hún er ekki að syngja með Dýrðinni, en hún kynntist Tóta, sem hefur þýtt Búlgakov og Gogol, í rússneskunni. Einnig hefur gengið til liðs við hljómsveitina hljómborðsleikarinn Vala. En hvernig tónlist spilar Dýrðin?

„Sumir hafa kallað þetta „Nintendo-rokk,“ en ég hef sjálf verið ánægðust með stimpilinn „sykurhúðað teiknimyndapönk,“ þar sem tónlistin minnir oft á japanskar teiknimyndir.“

Fyrstu tónleikar Dýrðarinnar eftir hlé voru á tónleikum þar sem þau spiluðu með færeyskum hljómsveitum. „Heiða í Unun var að skipuleggja þetta og það okkur um að taka þátt, svo við tókum eina æfingu samdægurs og spiluðum svo í fyrsta skipti í sjö ár. Það gekk bara ágætlega.“

UPPGÖTVAÐ Á NETINU

Helsta afrek Dýrðarinnar fyrir hlé var að spila á plötunni Strump í fótinn ásamt Brim og Heiðu, en nú er von á frekari útgáfu, því Dýrðin er nú á leiðinni í stúdíó á ný. Og í þetta sinn er það bandaríska útgáfufyrirtækið Skipping Stone Records sem gefur þau út.

„Fólk frá plötufyrirtækinu fann okkur á netinu og fékk okkur til að spila á poppfestivöllum í New York og Boston. Þeim leist vel á það sem þau heyrðu þar og ákváðu að gefa út plötu. Hún á að vera tilbúin fyrir áramót, og kemur líklega út í mars eða apríl.“

Dýrðin hafa nýverið spilað á Airwaves, þar sem þau fengu ágætisdóma hjá slátraranum Sindra Eldon í Grapevine. „Sindri var ekki jafn góður við alla,“ segir Hafdís. Hljómsveitin spilaði „með annarri færeyskri hljómsveit“ á Ellefunni á fimmtudag, en mun á næstunni vera lokuð af í stúdíóinu, því eins og Hafdís segir: „Það er best að klára upptökur án þess að vera trufluð af tónleikum.“



MÍNUS Í STÚDÍÓI

Hljómsveitin Mínus er þessa dagana stödd í stúdíóinu að vinna að fjórðu breiðskífu sinni. Strákarnir eru óvenjufjrjór þessa dagana því fyrir utan barneignir þá eru ekki nema nokkrar vikur síðan að þeir gerðu plötuna Mínus-Barði ásamt Barða Jóhannssyni í Bang Gang en tónlistina á þeirri plötu má einnig heyra í kvikmyndinni Strákarnir okkar. Mínus stefna á að gefa plötuna út fyrri part næsta árs.

BREYTING TIL BATNAÐAR

Hljómsveitin Ampop hefur sent frá sér sína þriðju breiðskífu sem ber heitið My Delusions. Fyrst þegar ég sá Ampop á sviði var fyrir löngu síðan og þá voru þeir allir í listrænum, flóknum og tilkomumiklum rafpælingum sem kveiktu reyndar lítið í mér. Þessi þriðja plata þeirra er allt öðruvísi og núna náðu þeir sannarlega að kveikja í mér.

Þessi plata er nokkuð tvískipt. Helmingurinn er meira rokk en Ampop hefur verið að gera til þessa en hinn helmingurinn er öllu rólegri og minnir meira á það Ampop sem ég hef þekkt fram að þessu. Hvað á maður þá að kalla þetta? Rafrænt popp er líklega skásta skýringin.

Próunin frá síðustu plötu sveitarinnar, Made for Market, er greinileg en sú plata kom út árið 2003 og var



AMPOP

★★★★☆

lag af henni m.a. gefið út á vegum Static Caravan og hlaut spilun hjá engum öðrum en John Peel. Þeir Biggi, Kjartan og Jón Geir hafa að mestu sagt skilið við rafpælingarnar sem voru í gangi á þeirri plötu og þess vegna er My Delusions miklu meira popp en maður á að venjast frá Ampop. Þessi próun er mjög jákvæð að mati undirritaðs og hljómar nýja platan meira eins og Sigur Rós, Aqualung eða jafnvel á köflum Flaming Lips í stað gömlu múm- og Bjarkaráhrifanna sem tröllriðu öllu hjá þeim áður fyrr.

Þetta er fyrirtaksplata sem rullar vel í gegn á rólegu síðkvöldi. Manni leiðist aldrei en að sama skapi hoppar maður ekki hæð sína í loft upp af hrifningu. Þetta er nokkuð heilsteypt verk sem á eflaust eftir að koma Ampop enn



frekar á kortið, bæði hér heima og erlendis þar sem sveitin hefur reyndar verið að gera það gott undanfarið ár.

Ágúst Bogason

TILFINNINGAR TJÁÐAR MEÐ GEISLASVERÐI

Jæja, þá er þetta búið. Kominn tími til að hætta þessari vitleysu og fara að fullorðnast. Taka lán og kaupa íbúð, hrúga niður krökkum. Fá sér alvöru vinnu. Engar fleiri Starrvoss myndir. Æskan er á enda. Ein af mínum fyrstu minningum er að dreyma um að höggva hausinn af einhverri svartklæddri, freudískri föðurmynd. Nú, og að sjálfsgöðu að geta skorið gat í vegginn á skólanum með geislasverði og hlaupið út á vit frelsisins.

Lávarður Svarthöfði rís á ný, eins fallega ógnvekjandi og mann minnti, stjórnurnar glampa í reðurlaga höfði hans, alheimurinn liggur við fætur hans. Og svo eyðileggur hann allt með því að byrja að tala.

EINMANA ÓGNVALDUR ALHEIMS ÓSKAR EFTIR FÉLAGSSKAP...

„Hvar er kellingin,“ er það fyrsta sem pabbi spyr eftir 22 ára fjarveru. En frúin er ekki hér til að halda í hendina á bónda sínum þegar hann breytist úr unglingi sem á erfitt með að tjá tilfinningar sínar (kannski hefðu fleiri leiklistartímar hjálpað?) í vélmenni sem tjáir tilfinningar sínar helst með því að reyna að myrða vini sonarins og kærasta dóttur sinnar. Nei, frú Vader er sjálf vanrækt eiginkona sem hefur rétt eins og Madame eitthvað í 18. aldar skáldsögu misst viljann til að lifa eftir að hafa komist að því að maðurinn sem hún elskar er í raun alræmdur flagari/Bónapartisti/morðótt vélmenni. En



AUKAEFNI:

★★★★

Myndin var náttúrulega alltaf gerð með DVD útgáfu í huga og því er af nógu að taka, enda fylgir með heill diskur af aukaefni. Sex aukaatriði eru og heimildarmynd í fullri lengd sem fjallar um hvernig ein lítil mínúta af myndinni er gerð. Einnig er stutt heimildarmynd um hvernig Anakin verður Vader og um bardagatækni Jedi riddara. Svo myndband með lagi Williams (fyrir þá sem finnst það ómissandi) og Lucas og framleiðandinn Rick McCallum blaðra yfir alla myndina sé þess óskað. En engir leikarar koma hér við sögu af einhverjum ástæðum.



fyrst getur hún af sér afkvæmi tvö sem ætlað er að ná hefndum yfir hinum keisarasinnaða eiginmanni og finna aftur hið góða í honum, þótt hann sé nýbúinn að slátra börnum í hrönnum. Mun þá allt verða fyrirgefið og fjölskyldan sameinast á ný í mættinum, eins og eftirmeðferðar-fjölskylda þegar rennur af kallinum.

AFAMORÐ

En fjölskyldumálin eru þó mun flóknari en þau virðast í fyrstu. Keisarin gefur í skyn að hann sjálfur hafi skapað hinn eingetna son Anakin í maga móður sinnar. Því er Logi (Geimgengill, ekki Bergmann) ekki einungis að reyna að kála föður sínum heldur afa sínum líka. Og verður lítið ágengt þangað til pabbi tekur fram fyrir hendurnar á honum og drepur afa sem aftur drepur svo pabba í leiðinni. Þegar svo við bætist að Logi kemst að því að eina konan í alheiminum á giftingaraldri sem hann hefur verið skotinn í alveg síðan hann hafði tvær hendur, er í raun systir hans (sem betur fer kemst hann þó að því í tæka tíð áður en að harmleikurinn verður grískur), er ekki að undra að hann ákveði að gerast munkur og helga sig almættinum.

STÚDENTSVEISLA SVARTHÖFÐA

Í raun er ekkert atriði í nýjustu Starrvoss myndinni sem ekki er eyðilagt með því að persónurnar á skjánum byrja að tala. Það er varla heil brú í neinu sem neinn segir og hefði verið betra að sleppa talinu alveg, fá þess í stað enn meira



STAR WARS III: REVENGE OF THE SITH

★★★★☆

ADALHLUTVERK: EWAN MCGREGOR, NATALIE PORTMAN OG HAYDEN CHRISTENSEN LEIKSTJÓRI: GEORGE LUCAS

schwing þegar menn kveikja/slökkva á geislasverðum og aflima hvern annan. Heldur hefði maður viljað fá eins og eina góða einræðu frá Tóbakstuggu, fyrst einhver þurfti að vera að segja eitthvað yfirhöfuð. En það skiptir ekki máli. Þetta er eins og að sjá alla ættingjana í stúdentsveislunni, vitandi að þetta er í síðasta sinn sem þeir eru allir samankomnir. Það skiptir ekki mestu máli hvort það sé gaman eða leiðinlegt, mestu máli skiptir að ljúka þessu af og halda áfram með líf sitt, að fullorðnast loksins. En fyrst ætla ég að horfa á alla seríuna einu sinni enn. Og skera gat í skólann með geislasverði.

Valur Gunnarsson

MEST SELDU LEIKIRNIR



1. BURNOUT LEGENDS
2. APE ACADEMY
3. WIPEOUT PURE
4. WORLD TOUR SOCCER
5. RIDGE RACER
6. SPIDERMAN THE MOVIE 2
7. TONY HAWK'S UNDERGROUND 2: REMIX
8. METAL GEAR ACID
9. NBA STREET SHOWDOWN
10. PSP LOGIC 3 PROTECTOR KIT



1. FOOTBALL MANAGER 2006
2. FEAR
3. SIMS 2 NIGHTLIFE
4. ROBOTS
5. QUAKE IV
6. CHAMPIONSHIP MANAGER 5
7. JUICED
8. WORLD OF WARCRAFT
9. SWAT 4
10. ROME: TOTAL WAR – BARBARIAN...



1. FIFA 2006
2. BURNOUT REVENGE
3. MORTAL KOMBAT SHAOLIN MONKS
4. PRO EVOLUTION SOCCER 5
5. SSX ON TOUR
6. FAR CRY INSTINCTS
7. GTA SAN ANDREAS
8. HALO 2
9. NBA LIVE 06
10. CLASSIC CRASH BANDICOOT



1. SINGSTAR POP BUNDLE
2. BUZZ
3. ROBOTS
4. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
5. GOLDENEYE: ROGUE AGENT
6. FIFA 2006
7. WARRIORS
8. MOTO GP 4
9. JUICED
10. PRO EVOLUTION SOCCER 5



Í JURASSIC PARK 3 LÆRA RISAEDLURNAR AÐ TALA, OG SKIPTAST HÉR Á RÁÐ-GJÖF VARÐANDI FLOSSUN.

SÝNIR

SPIELBERG VÍGTENNURNAR



Félagarnir Steven Spielberg og George Lucas eiga fleira sameiginlegt en karlmannlegan skeggvöxt. Báðir tilheyrðu þeir svokölluðum „Movie Brats“ hóp á 8. áratugnum, ásamt leikstjórum eins og Scorsese, De Palma og Coppola. Allir komu þeir með ferska strauma inn í bandaríska kvikmyndagerð, og voru reyndar svo ungir þegar að þeim fór að kveða að þeir sáu sig tilneydda til að safna skeggi til að virðast eldri og fá þar með virðingu jafnt leikara sem ljósamanna. Þó að Scorsese og Coppola hafi líklega gert betri myndir komst enginn nálægt þeim Lucas og Spi-

elberg hvað vinsældir varðaði. Veldi Lucas byggir fyrst og fremst á Star Wars seríunni en Spielberg hefur dreift kröftum sínum víðar. Árið 1993 gerði hann Jurassic Park, sem ekki einungis sló Star Wars út hvað vinsældir varðaði heldur var einnig tímamótaverk hvað snerti tæknibrellur. George Lucas, sem þá var í löngu Star Wars hléi, taldi að tæknin væri nú orðin nógu fullkomin til að fara í gang með fyrri hluta Star Wars sögunnar, en hún hafði legið á teikniborðinu í áratug. En hvernig stenst nýjasta Star Wars myndin samanburð við tímamótaverk Spielbergs?

JURASSIC PARK

★★★★

Árið 1993 var gott ár hjá Spielberg. Ekki einungis vann hann sinn fyrsta Óskar sem leikstjóri Schindler's List heldur leikstýrði hann einnig vinsælustu mynd allra tíma þegar þá var komið sögu, Jurassic Park. Og Jurassic Park var ekki bara tæknibrelluteiti. Haft var fyrir því að búa til almennilegan söguþráð, byggðan á sögu Michaels Crichton, og gefinn allt að því rökrétt ástæða fyrir tilvist risaæðlanna. Kaoskenningar Jeff Goldblum fara fyrir lítið en árás Velociraptorana er það spennandi að manni virkilega stendur ekki á sama hvort organdi krakkar séu étnir eða ekki. Þó að tæknibrellurnar séu kannski ekki jafn líklegar til að fá mann til að gleyma að éta poppið nú og þær gerðu þá standa þær enn betur en í mörgum af þeim myndum sem komu í kjölfarið. Og söguþráðurinn tynist ekki alveg í tækninni. Það er jafnvel smá ádeila á skemmtigarðamenninguna, sem gleymist þó fljótt í þeirri spennu sem skemmtigarðurinn Jurassic Park hefur upp á að bjóða.

THE LOST WORLD: JURASSIC PARK

★★

Fyrri myndin bauð virkilega upp á framhald, þar sem dularfullir menn höfðu reynt að komast yfir risaæðluegg án þess að það yrði frekar útskýrt. En því miður er þeirri sögu ekki fylgt eftir hér, heldur komumust við að því að það er til önnur Dauðastjar... ég meina risaæðlueyja. Hugmyndaauðgin vikur hér fyrir endurtekningunni. Goldblum kemur aftur en Sam Neill er fjarri góðu gamni, og í staðinn eru risaæðlurnar fóðraðar með brúðkaupsbrjótum Vince Vaughn og Svíanum Peter Stormare. Myndin missir sig þó endanlega þegar risaæðlurnar fara til New York í asnalegri eftiröpun (takið eftir orðaleiknum) af King Kong. Vænlegra er að biða eftir því að Hringadrottinn sjálfur, Peter Jackson, sleppi skrímslunum lausum í New York en að rífa upp eina sístu mynd Spielberg.

JURASSIC PARK III

★★★★

Goldblum skipt út fyrir Neill en ekki tekst þó jafn vel til og þegar þeir sameinuðu krafta sína. Spielberg sjálfur fjarverandi og líklega sem betur fer, og Joe Johnston, sem síðast reyndi að gera útaf við feril Viggo Mortensen með Hidalgo, tekinn við. Myndin er minni í sniðum en Lost World en tekst að vera meira spennandi. Rétt svo. William H. Macy er alltaf góður, og flugeðlurnar eru skemmtileg viðbót. En þegar risaæðlurnar byrja að spjalla saman missir myndin sig endanlega út í kjánaskap. Skotvopn eru frústrerandi gagnslaus í Júragarðinum og enn vantar Aliens útgáfuna sem beðið er eftir, enda ein af fáum framhaldsmyndum sem er betri en fyrirrennarinn. Það er kominn tími til að senda inn landgönguliðana, og hefur því verið lofað í JP4, enda líklega skemmtilegra að sjá þá étna lifandi en syngjandi í Over There.

AUKAEFNI:

★★

Heill diskur af aukaefni, en samt er lítið hér sem ekki er hægt að lifa án. Best er viðtal við Michael Crichton um uppruna Júragarðsins, en heimildarmyndirnar eru aðallega endursýnd atriði úr myndunum. Við fáum einnig að sjá hvernig þetta leit út áður en eðlunum var bætt inn í, sem verður þó fljótt leiðigjarnt. Aukaefnið endar svo á auglýsingu fyrir Jurassic Park skemmtigarðinum í Universal Studios. Við erum hér komin hringinn, skemmtigarðsádeilan er orðin að skemmtigarði.

JEG KAN GODT LIGE TO EAT A PIZZA

Þegar maður er 12 ára fer maður að læra dönsku. Sirkus bauð þremur 12 ára strákum á ótextaða danska mynd sem var sýnd á íslensku kvikmyndahátíðinni í vikunni. Eftir 28 mínútur af myndinni „A happy day“ voru þeir orðnir frekar óþreyjufullir, búinir með poppið og farnir að rífa og henda húfum hver af öðrum. Reyndar var þetta mynd um danskan gospelkór. En við skulum samt sjá hvað dönskunemunum fannst um myndina.

Þið gáfust upp, var það út af myndinni eða dönskunni?

„Ég skildi bara stóru atriðin og þegar enska var töluð,“ segir Sævar.

„Danska sökkar,“ bætir Baldur vinur hans við. „Mynd um gospelkór er líka kannski ekkert rosalega spennandi,“ segir Sverrir.

Af hverju haldi þið að við lærum dönsku í skólanum?

„Vegna viðskipta við Dani og gott að kunna þegar við förum þangað í framtíðinni,“ segir Baldur sem er með þetta allt á hreinu.

„Ég held að það sé út af fortíðinni,“ segir Sverrir sem er greinilega með hlutina enn meira á hreinu. „Og kannski til að pína okkur,“ bætir Sævar við.

Mynduð þið vilja læra eitthvað annað í staðinn fyrir dönsku?

„Ég væri til í að læra smíði,“ segir Sævar. „Eða japönsku kannski,“ stingur Baldur inn í. „Mér finnst reyndar gaman í dönsku en það er svo ruglingslegt að læra bæði dönsku og ensku á sama tíma,“ bætir Sverrir við.

„Já ég er sammála, maður fer að rugla þessu saman eins og til dæmis „Jeg kan godt lige to eat a pizza“ eða eitthvað svoléiðis,“ segir Sævar.

Eitthvað að lokum stákar?

„Peace“.



Þannig fór um tilraun þá. Dönskunemarnir nemtu engan veginn að hanga yfir danskri mynd og skildu lítið af því sem fór fram. Kannski finna þeir sig í þýskunni þegar þeir komast í menntaskóla.



IRON MAIDEN

BRUCE DICKENSON FLAUG SJÁLFUR TIL LANDSINS MEÐ FULLA FLUGVÉL AF AÐDÁENDUM.



SIMON OG FÉLAGAR SKEMMTU SÉR KONUNGLEGA Í EGILSHÖLL- INNI OG ENN BETUR UM KVÖLDIÐ ÞEGAR ÞEIR KYNNTUST ÍSLENSKA KVENFÓLKINU.

DURAN DURAN



VAR EKKI ÓALGENG SJÓN Á ÁRINU SEM LEIÐ ENDA MARGIR TÓNLEIKAR Í BØÐI.

TROÐFULL EGILSHÖLL



BESTU VINIR. DJÖMMUÐU SAMAN, HÉLDU BLAÐAMANNAFUND SAMAN OG SPILUÐU SVO Á TÓNLEIKUM ÁSAMT MÍNUS SEM VORU MEÐ ÞEIM BETRI Í SUMAR.

QUEENS OF THE STONE AGE OG FOO FIGHTERS



UNGIR SEM ALDNIR

SKEMMTU SÉR KONUNGLEGA Á TÓNLEIKUM SUMARSINS.



FÉKK AÐ HANGA BAKSVIÐS Á SNOOP DOGG EN FÉKK EKKI AÐ HITTA HETJUNA FREKAR EN AÐRIR.

GÍSLI GALDUR



BOBBY MACFARREN

HEFUR EFLAUST KÍKT TIL HVERAGERÐIS AÐ SKOÐA GRÓÐURHÚS ÞEGAR HANN VAR BÚINN MEÐ TÓNLEIKA SÍNA.



ALICE COOPER

FÓÐRAÐI FRANKENSTEIN OG FLENGDI DÓTTUR SÍNA FYRIR 1500 ÁHORFENDUR Í KAPLAKRIKA.



GLEÐIN SKÍN ÚR HVERJU ANDLITTI

MICHAEL BOLTON VAKTI MISJÖFN VÍÐBRÖÐ ÁHORFENDA SEM SUMIR SOFN UÐU HREINLEGA ÚR LEIÐINDUM



REMBDIST OG REYNDI HVAÐ HANN GAT AÐ KALLA FRAM GÓÐA STEMNINGU. ÞAÐ TÓKST Á KÖFLUM HJÁ HONUM BLESSUÐUM ÞÓTT SUMUM HAFI LIÐIÐ EINS OG HJÁ TANNLÆKNI.

BOLTON



KIM GORDON

KOMIN YFIR FIMMTUGT EN HEFUR ALDREI VERIÐ KYN-ÞOKKAFYLLRI EN ÞEGAR SONIC YOUTH STEIG Í TVÍGANG Á SVIÐ NASA.



ANTHONY AND THE JOHNSONS

HÉLDU MAGNAÐA TÓNLEIKA Á NASA OG ERU VÆNTANLEGRIFTUR Í DESEMBER.



FRANZ FERDINAND

KOMU Á ENDANUM TIL ÍSLANDS EFTIR SMÁERFIÐLEIKA OG HÉLDU MAGNAÐA TÓNLEIKA Í KAPAKRIKA ÁSAMT JEFF WHO?. HÉR LIGGJA TVEIR ÞEIRRA Í GRASINU FYRIR ÚTAN KAPLAKRIKANN.

TÓNLEIKAÁRIÐ Á ÍSLANDI

ÁRIÐ VAR ÓVENJULEGA VEGLEGT HVAÐ TÓNLEIKAHALD VARÐAR. INNLENDIR OG ERLENDIR TÓNLISTARMENN VORU DUGLEGIR AÐ HALDA LITLA SEM STÓRA TÓNLEIKA OG ÞAÐ ERU MEIRA AÐ SEGJA TVEIR MÁNUÐIR ENN EFTIR AF ÁRINU. ÆÐI. Á ÞEIM TÍMA MUNUM VIÐ ALLAVEGA FÁ AÐ SJÁ THE WHITE STRIPES OG SIGUR RÓS HALDA RISATÓNLEIKA. SIRKUS RVK RIFJAÐI UPP BESTU MÓMENTIN FRÁ TÓNLEIKUM ÁRSINS.



JOE COCKER

ÞANDI RADDBÖNDIN EINS OG ENGINN VÆRI MORGUNDAGURINN, ÁHORFENDUM TIL ÓMÆLDRAR GLEÐI.



KIDDI HJÁLmur

SÝNDI SNOOP DOGG HVERNIG Á AÐ GERA ÞETTA ÁÐUR EN MEISTARINN STEIG SJÁLFUR Á SVIÐ.



SNOOP DOGG

TÓK SIG VEL ÚT Í NÁTTGALLANUM UMKRINGDUR FÖNGULEGUM OG LÉTTKLÆDDUM STÚLKUM SEM VÖKTU REIÐI FEMÍNISTA.



ROBERT PLANT

ER KOMINN TIL ÁRA SINNA EN KOM ÖLLUM Á ÓVART MEÐ FRÁBÆRUM TÓNLEIKUM Í LAUGAR-DALSHÖLLINI Í SUMAR.



ÁGÚSTA EVA

SÖNG MED SKE ÁÐUR EN ROBERT PLANT GERÐI ALLT VITLAUST.



KIM LARSEN

EINN HINNA FJÖLMÖRGU, ÖLDNU LISTAMANNA SEM HEIMSÓTTU LANDIÐ Á ÁRINU. HANN GERÐI STORMANDI LUKKU Á NASA.



JULIETTE LEWIS

VAR HÁPUNKTUR AIRWAVES OG VAKTI MIKLA ATHYGLI, SÉRSTAKLEGA FYRIR ÞRÖNG FÖT OG STINNAR GEIRVÖRTUR.

Sádama Reykjavík

FIMMFALDUR HEIMSMEISTARI Á GAUKNUM

ROBBI ER HVERGI NÆRRI HÆTTUR AÐ FLYTJA INN ERLENDA SNILLINGA

„Við erum að tala um mergjaða hipp hopp og drum and base tónleika á Gauknum núna á laugardaginn,“ segir Robbi Kronik rappkonungur Klakans en hann er að standa fyrir heljarinnar tónleikum núna um helgina. Hann er að flytja inn einhverja erlenda kappu sem munu trylla lýðinn ásamt völdum innlendum listamönnum.

„Við fáum engan annan en Dj Craze sem er fimmfaldur heimsmeistari í sinni grein ásamt vini sínum MC Armani Reign sem kemur alla leið frá hamfarasvæðinu Miami,“ segir Robbi sem er löngu farinn að hlakka til laugardagsins.

„Dj Paranoia er svo íslenskur snillingur sem hefur spilað með t.d. Bent og Sjöberg en hann mun einnig þeyta skífum þetta kvöldið. Þetta er samstarfsvekefni hjá Breakbeat.is og Kronik. Þessi Dj Craze er einungis 23 ára þar af leiðandi vann hann fyrst heimsmeistaratiltillinn aðeins 18 ára. Sannkallaðir snillingur,“ segir Robbi sem heldur greinilega varla vatni yfir þessum mönnum. Robbi kann sitt fag og fyrst hann er spenntur þá ætti almenningurinn að vera enn spenntari.

Húsið mun opna klukkan 23:00 og mun vera opið alveg til 06:00. Það kostar þúsundkallinn inn, sem er ekkert verð að sögn Robba miðað við það sem þarna mun fara fram. Aldustakmarkið miðast að þessu sinni við '86 árganginn þannig að ungir sem aldnir hipp hopp aðdáendur ættu að geta látið sjá sig á svæðinu. Friður.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@3654.OS



HLJÓMSVEITN NEVOLUTION ER EIN ÞEIRRA SVEITA SEM LEIKUR ÁSAMT AMON AMARTH UM HELGINA.

VÍKINGA-METALL FRÁ SVÍÞJÓÐ

Víkingametalbandið Amon Amarth er mætt hingað til lands til þess að rokka fyrir landsmenn. Þessir ágætu menn koma frá Svíþjóð og hafa verið að gera það gott í metalsenunni þar í landi. Þeir eru hérna í stuttu stoppi áður en þeir halda til Bandaríkjanna þar sem þeir fara í heljarinnar tónleikaferðalag.

Það varða tvennir Amon Amarth tónleikar hér á landi. Þeir fyrri annað kvöld, laugardaginn 5. nóvember, á Grand Rokk en þar mun íslensku böndin Sólstafir, Nevolution og Dark Harvest sjá um upphitun. Húsið á Grand Rokk opnar kl. 23:00 og kostar 1200 kall inn. Síðan verður aftur rokkað daginn eftir, þá í Hellinum sem staðsettur er í Tónlistarþróunarmiðstöðinni úti á Granda. Þar er ekkert aldurstakmark og hefst gamanið kl. 18:30 en húsið opnar hálf tíma fyrir. Íslensku böndin Momentum, Severed Crotch og Masters of Darkness sjá um að koma fólkinu í rétta girinn áður en að sænsku hetjurnar stíga á svið og afhausa jafnvel mann og annan.

Það er ekki á hverjum degi sem að svona band kemur á Klakann þannig að það er um að gera að drífa sig því það verður sannarlega mikið um þunga tóna og flösuþeytingar um helgina.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 4. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Haldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansræva og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.



BRIM ER UNGT OG EFNILEGT

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Brim er sýnt í Þjóðleikhúsinu.

BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SALKVA

Eins og við komumst að í Haldóri og Hollywood er Salkva verkið sem fleytt Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar og upp í að vera sá besti.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR ÞRÚ VERK

Þrjú verk, Wonderland eftir Jóhann Frey Björgvinsson og Filippíu Elísðóttur (hefur víst lítið með John Holmes að gera), Critic's choice? eftir Peter Anderson og Pocket Ocean eftir Rui Horta.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa á ný þegar Lífsins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld.

ÍSLENSKA ÓPERAN HERÐIR TÖKIN

Tökin hert er verk sem sett verður upp á fjöllum Íslensku óperunnar í kvöld. Kynning á sýningunni fer fram kl. 19.15 en sjálf sýning er kl. 20.



LOFTKASTALINN BÍLTAR

Tónleikurinn Bítl með þeim Sjonna og Jóa og honum þarna hinum verður settur upp í Loftkastalanum. Bítlavinir snúa aftur til fortíðar.

LAUGARDAGUR 5. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Haldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansræva og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

FRELSI Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig. Þetta er sýnt í Þjóðleikhúsinu.



BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SNILLDINA

Woyzeck og Nick Cave, gæti varla verið þyngra en ókei. Mikið fyrir augað og eyrað með menn hangandi í köðlum syngjandi lög eftir Nick Cave. Eiríkur Jónsson ánægður.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN

Þrjú verk, Wonderland eftir Jóhann Frey Björgvinsson og Filippíu Elísðóttur (hefur víst lítið með John Holmes að gera), Critic's choice? eftir Peter Anderson og Pocket Ocean eftir Rui Horta.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU.

Nýja Ísland mun rísa á ný enda er verið að fara að setja upp Lífsins tré á fjöllum Borgarleikhússins.

MANNTAFL

Góði dátinn Stefan Zweig er einn af meisturum 20. aldar, og teflir hér gegn nasismanum. Manntafl er í Borgarleikhúsinu.

ÍÐNÓ ER LÍKA MEÐ

Gestur heitir verkið sem verður í Íðnó í kvöld. Hrólfur úr sumaróperunni syngur einnig á veturna.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Kabarett, þið munir þetta með Lizu Minnelli, verður sett upp í kvöld.- Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum.

LOFTKASTALINN BÍLTAR

Tónleikurinn Bítl með þeim Sjonna og Jóa og honum þarna hinum verður settur upp í Loftkastalanum. Bítlavinir snúa aftur til fortíðar.

SUNNUDAGUR 6. NÓVEMBER



KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

200 ára afmælisýning til heiðurs H.C. Andersen. Það er ljóst að Danir voru mikil menningarþjóð á 19. öld og kannski bara tómvitleysa að hafa mótmælt þeim. Allir.

BRYNHILDUR ER EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir enn í Þjóðleikhúsinu og virðist ódrepanði. Brynhildur er hreinlega að verða Edith svo tilkomumikil er sýningin.

BORGARLEIKHÚSIÐ ER MEÐ KALLA Á ÞAKINU

Skandinávar ala upp góð börn, enda búa þeir til gott barnaefni. Astrid Lindgren gefur H.C. Andersen lítið eftir. Hérna gefur að líta Kalla á þakinu, fyrsta flokks barnaleikrit.

BRIMÍÐ HANS JÓNS ATLA

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Borgarleikhúsið sýnir þetta verk.

ALVEG BRILLIANT SKILNAÐUR

Edda Björgvins í öllum hlutverkum og alltaf uppselt. Edda kann sitt fag og fyllir Borgarleikhúsið



AUSTURBÆR OG ÁVAXTAKARFAN

Síðasti séns að sjá Birgittu Haukdal. Í bili. Ávaxtakarfan. Jónsi og Selma spila líka hlutverk.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Tökin hert og her. En sýning kvöldsins er samt bara Tök-in hert. Kynning á sýningunni fer fram kl. 19.15.

MIÐVIKUDAGUR 9. NÓVEMBER

BRIM Í BORGARLEIKHÚSINU

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

FIMMTUDAGUR 10. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD

Gæti allt eins heitið Dóri goes BNA. Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansreía og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.



FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU

Mikið fyrir augað og eyrað með menn hangandi í köðlum syngjandi lög eftir Nick Cave. Eiríkur Jónsson sjaldan skemmt sér jafn vel.

ÍSLENSKA ÓPERAN OG KABARETT

Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum. Kabarettinn svíkur fáa.



MEISTARANUM VERÐA GERÐ ÍTARLEG SKIL Á GRAND ROKK Á SUNNUDAGSKVÖLDIÐ.

HVÍLIST MEÐ BOB DYLAN

EDA DETTIÐ Í ÞAÐ OG SPILIÐ SKÁK

Grandrokk kynnir með stolti Hvíldardagskvöldið hið fyrra með Bob Dylan: Gyðingurinn með gígjuna sem vakti veröldina af værum blundi. Um er að ræða sérstakt Hvíldardagskvöld sem verið hefur á Grand Rokk á sunnudagskvöldum. Næstu tvö skipti verða helguð Bob Dylan en yfirferð um slíkan meistara rúmast engan veginn á einu kvöldi og því verður sérstakur seinni hluti á dagskrá strax að viku liðinni, þann 13. nóvember.

Bob Dylan er eitthvert áhrifamesta söngvaskáld Bandaríkjanna, fyrr og síðar. Í meinleysislegri lognmollu dægurtónlistarinnar, í upphafi sjöunda áratugarins, steig skáldið fram á sjónarsviðið, vopnaður kassagítar og opinberaði einlægni sína í lagasmíðum og orðfæri sem átti engan sinn líka. Dylan storkaði einhæfninni með því að víkka út tungumálið, í áttina að hinum blákalda raunveruleika, þar sem regnið féll harðar, svörin týndust í vindkviðunum og tímarnir breyttust. Sannleikurinn var sá að ádreparnar og vangavelturnar í hárbeyttum textunum túlkuðu, í raun, það sem allir voru að hugsa en enginn þorði eða kunni að færa í orð.

Frumkraftur Dylans átti eftir að verða olían á þann eld sem kraumaði



RÚNAR JÚL MÆTIR HLJÓMSVEIT- INNI JAN MAYEN Í POPPPUNKTI Á SUNNUDAG EN ÞETTA ER FYRSTI LEIKUR Í 8-LIÐA ÚRSLITUM.

undir þeirri þjóðfélagsólgu og æskulýðsuppreisn sem átti eftir setja svo mjög mark sitt á sjöunda áratuginn.

Dagskrá kvöldsins verður þess vegna sem hér segir. Fyrst byrja gestir á því að horfa saman á Poppunkt en hann hefst kl. 20 og þar munu Jan Mayen og Rokksveit Rúnars Júl. keppa í fyrsta þætti 8-liða úrslita Stjórnumessu Poppunkts. Síðan mun fólk snúa sér að Dylan. Frá kl. 20:50 – 22:40 verður myndin No Direction Homesýnd. Þetta ný og firnavönduð heimildamynd, úr

smíðju Martin Scorsese, þar sem fjallað er um upphafsár Bob Dylans í bransanum. Frá 22:40 – 01:00 verða svo ýmsar tónleika- og sjónvarpsupptökur frá 1963-66 með Dylan sýndar.

Sýningar hefjast stundvíslega kl. 20:00 á 2.hæð Grandrokk og er aðgangur ókeypis. Allir sannir tónlistarunnendur eru eindregið hvattir til þess að fjölmenna á þessa metnaðarfullu dagskrá sem einungis fer fram í þetta eina sinn á risaskjá og í góðu hljómkerfi.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@3654.OS

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGUR 4. NÓVEMBER

GRAND ROKK

Það verða ljóð, pönk og rapp á Grand Rokk í kvöld. Hljómur einkennilega en mætið og sannfærast.

PRAVDA

Það verður ekkert rokk og ekkert ról á Prvada. Hins vegar má gera ráð fyrir r og b músík af bestu sort. Þeir kunna þetta á Prvada.



SÓLON

Það er hússnúðurinn sjálfur hr. Brynjar Már á FM 957 sem leikur fyrir gesti Sólon í kvöld. Gaman saman með Brynjari Má.

HVERFISBARINN

Það er enginn annar en DJ Johnny sem verður í búrinu á Hverfisbarnum í kvöld. Eins og fólk veit kann hann að koma fólkinu á flot.

PRIKIÐ

Idolið verður á risaskjá og hefst gamanið kl. 20:30. Prikið býður ykkur svo í parti þar sem Dj Blue lagoon og Dj Árni sjá um að fólkið hafi eitthvað að dilla sér við.

GAUKUR Á STÖNG

Dimma með hörku rokk ásamt tveimum færeyskum rokkböndum. DJ Böddi love og Egill beat-master halda uppi stemmingunni á efri hæðinni. Æði.

VEGAMÓT

Það er Dj Dóri sem verður allt í öllu þegar kemur að tónlistinni á Vegamótum í kvöld. Sjón er sögu ríkari. Sérstaklega á Vegamótum.

HRESSÓ

Gotti og Eisi trúbadorar spila frá 22 til 01 og svo er það enginn annar en Dj Maggi sem þeytir skífum fraundir morgun.

LAUGARDAGUR 5. NÓVEMBER



STÚDENTAKJALLARINN

Hljómsveitin Jeff who? leikur fyrir gesti Stúdentakjallarans í kvöld. Þeir sendu nýverið frá sér plötuna Death Before Disco á vegum Smekkleysu sem ehfur verið að fá finustu viðtökur.

PRAVDA

Það verður ekkert rokk og ekkert ról á Prvada. Hins vegar má gera ráð fyrir r og b músík af bestu sort. Þeir kunna þetta á Prvada.

HRESSÓ

Hljómsveitin MÁTÝspila frá 22 til 01og svo er það Dj Maggi sem spilar tónlist á dansgólfinu fyrir gesti Hressó þangað til að allir verða reknir heim.

GRAND ROKK

Ofurmetall á Grand Rokk í kvöld. Amon Amarth, Sólstafir, Nevolution og Dark Harvest. Það er 20 ára aldurstakmark og stendur þetta frá kl. 22.

GAUKURINN

Dj Stef verður á efri hæðinni á Gauknum og segist hann ætla að reyna að ver með geðveik læti. Vonum að það gangi eftir.

SÓLON

Boltinn í beinni og svo er það er hússnúðurinn sjálfur hr. Brynjar Már á FM 957 sem leikur fyrir gesti Sólon í kvöld. Gaman saman með Brynjari Má og boltanum.



VEGAMÓT

Erna og Ellen eru gellurnar sem þið þurfið að sleikja upp í kvöld ef þið ætlið að fá að heyrja óskalögin ykkar. Þær ráða nefninlega tónlistinni á Vegamótum í kvöld.

HVERFISBARINN

Vinur allra landsmanna, þokkspilturinn DJ Andri, verður með skífubeyting á Hverfisbarnum í kvöld.

PRIKIÐ

Franz og Kristó ætla að prufa að spila á laugardögum á Prikinu og það er þitt mál að láta það ganga upp. Eftir klukkan 12 tekur Dj Benni Bóner síðan við.

SUNNUDAUGR 6. NÓVEMBER

GRAND ROKK

Grandrokk og Laugarásvídeó kynna Hvíldardagskvöld hið fyrra með Bob Dylan: Gyðingurinn með gígjuna sem vakti veröldina af værum blundi. Bob Dylan á Hvíldardagskvöldi, fín leið út úr helginni.

MÁNUDAGUR 7. NÓVEMBER

PRIKIÐ

Vala spákona gengur manna á milli á Prikinu á mánudögum og ræður í framtíð ykkar gestum algerlega að kostnaðarlausu.

MIDVIKUDAGUR 9. NÓVEMBER

PRIKIÐ

Dj De la Rosa verður á svæðinu í kvöld og gerir allt vitlaust. Það er nú einu sinni miðvikudagur.

FIMMTUDAGUR 10. NÓVEMBER

PRIKIÐ

Hann á svæðið og enginn annar. Við erum auðvitað að tala um hinn undurfagra Dj Danna deluxe.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

DREKKA BRENNIVÍN

„Ég verð að vinna á föstudaginn, þessa stundina vinn ég sem máleri,“ segir Ragnar Sólberg, höfuðpaur þungglys-rokkbandsins Sign. Hann hefur verið iðinn við spíla-mennskuna upp á síðkastið enda félagarnir nýbúnir að senda frá sér splunkanýja plötu sem hefur fallið ágætlega í landann.

„Á laugardaginn mun ég drekka brennivín og vera fullur á Selfossi. Ég verð þar með vinnunni að halda upp á árshátið,“ segir Ragnar og er ekkert að flækja hlutina.

Ragnar Sólberg



ER Á SPILIRÍ NÆSTUM ALLA HELGINA

„Hvað, ætlarðu að bjóða mér út eða hehe?“ segir Franz Gunnarsson gítarleikari í annarri hverri hljómsveit á landinu. „Ég verð að spila á fimmtudagskvöldið með Dr. Spock á Grand Rokki, svo verður föstudagskvöldið tekið innandyra með hálfum metra af tölvuleikjum, kannski ég eldi mér bara eitthvað gott að borða. Veit ekki hvað en kannski svín, gæs eða lamb. Allavegana eitthvað heitt og gott,“ segir Franz sem er greinilega mikill sælkeri. „Svo verður laugardagskvöldinu eytt á Prikinu þar sem ég og Kristó spilum saman sem dúndurbandið Frískó – endilega allir að mæta því Kristó var nefnilega að koma heim úr Ítalíu-ferð og það verður gaman að hitta á kallinn, fá sér tvo kalda og heyrja frá ævin-tyrum drengsins. Annars veit maður aldrei hvað gerist, það getur allt gerst og ég er frekar lítið fyrir að plana hlutina.“

Franz Gunnarsson



ENDASPRETTUR FYRIR GERÐ ÞÁTTARINS FORD-FYRIRSÆTAN

„Það er búið að vera brjálada að gera við gerð þáttarins Ford-fyrirsætan sem kemur í loftið núna á laugardagskvöldið á sjónvarpsstöðinni Sirkus,“ segir Tinna Aðalbjörnsdóttir hjá Eskimo móðels.

„Ég verð semsagt að vinna að þættinum á föstudagskvöldinu og svo er það bara rölegheit heima með litla stráknun mínum og manningum á laugardagskvöldinu. Ætli ég setji ekki bara í vélina og svo eldum við einhvern góðan mat, kannski bara eitthvert geðveikt lambakjöt. Það er búið að vera svolítið mikið að gera svo það verður fínt að geta slakað á heima. Annars mæli ég með að fólk kiki á plötusnúðinn Dj Craze á Kronik-kvöldinu sem er haldið á laugardag á Gauknum. En auðvitað eftir að hafa horft á fyrsta Ford-fyrirsætubáttinn á Sirkus.“

Tinna Aðalbjörnsdóttir

SÝNINGAR

BRYNDÍS Í GRÓFARHÚSI

Á 1. hæð Grófarhúss við Tryggvagötu 15 er myndlistarkonan Bryndís Brynjarsdóttir með sýningu. Bryndís gerir bæði málverk og þrívíð verk úr áli og gleri. Bryndís hefur meðal annars sagt um málverk sín að þau séu „leikur að þrívíðu rými á tvívíðum fleti“. Sýningin er opin mánudaga kl. 10-21, þriðjudaga-fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

GUÐRÚN VERA Í HAFNARHÚSINU

Einkasýning Guðrúnar Veru Hjartardóttur er í gangi í C- og D-sal Hafnarhússins. Guðrún Vera er kunn fyrir handgerðar höggmyndir sínar af litlum mannverum sem eru á mörkum hins raunverulega og óraunverulega. Á sýningunni í Hafnarhúsinu sýnir Guðrún Vera ný verk sem endurspeglar nýja sýn í sköpun listakonunnar.



ERRÓ FRÁ BARNALDRI

Í E- og F-sal Hafnarhússins er sýning þar sem sjá má verk Errós frá því hann var barn allt þar til hann hélt sína fyrstu einkasýningu á Íslandi í Listamannaskálanum árið 1957. Sýndar eru myndir sem hann gerði á uppvaxtarárum sínum á Kirkjubæjarklaustri. Einnig eru myndir sem hann gerði á námskeiði í Handiðaskólanum í Reykjavík og verk sem hann gerði sem fullgildur nemandi í þeim skóla. Einnig má sjá myndir frá námsárum hans í Ósló, Flórens og Ravenna. Verkin eru öll úr Errósafni Listasafns Íslands.

COBRA-LIST Í LISTASAFNI SIGURJÓNS

Dönsku COBRA-listamennirnir Else Alfeldt og Carl Henning Pedersen sýna vatnslitamyndir sem þau hjónin gerðu er þau dvöldu hér á landi sumaríð 1948. Á sýningunni eru einnig sýnd verk Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar frá sama tíma.

ÞORBJÖRG ÞORVALDS HJÁ ASÍ

Þorbjörg Þorvaldsdóttir sýnir verk sín í Ásmundarsal Listasafns ASÍ til 6. nóvember.



ÓLAFUR ELÍASSON OG STEFÁN JÓNSSON Í SAFNI

Ólafur Elíasson verður með sýninguna „Limbo lamp for Pétur“ fram í nóvember í Safni á Laugarvegi.

GRYFJA

Karen Ósk Sigurðardóttir sýnir málverk sín í Gryfjunni í Listasafni ASÍ.

ÞÓRDÍS OG EINAR Í GERÐUBERGI

Þau Þórdís Zoëga og Einar Árnason sýna nú verk sín í Gerðubergi. Sýning Þórdísar verður til 13. nóvember og Einar Árnason verður með sína sýningu til 6. nóvember.

HJÖRTUR HJARTAR Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU

Hjörtur Hjartarson sýnir verk sín í veitingastofu Þjóðmenningarhússins. Á sýningunni eru málverk frá liðnu sumri og sótti Hjörtur innblásturinn að verkunum í ferðalög sín um Suðurland í sumar.

LARS Í LJÓSMYNDASAFNI REYKJAVÍKUR

Lars Tunbjörk verður með sýningu á verkum sínum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur til 20. nóvember.

SJÖTTA GRASRÓTIN

Grasrót sýnir nú í Nýlistasafninu við Laugaveg í sjötta sinn. Sýningin verður opin til 6. nóvember.

GUÐFINNA EUGENÍA Í HRAFNISTU

Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir sýnir málverk í Menningsarsalnum, 1. hæð, til 6. des. í Hrafnistu, Hafnarfirði.

FIMMTÍU PRÓSENT MARÍNÓ OG FIMMTÍU PRÓSENT BRYNDÍS

Einar Marínó Magnússon og Bryndís Jónsdóttir í Gallerí 100°

TEHÚS OG JAKKAFÖT

Skúlpturnir NTehúsi og teikningar til 17. nóvember í Gallerí Sævars Karls.

KÓNGAR OG ESKIFIRÐINGAR

Konungsheimsóknin 1907 og Mannlíf á Eskifirði 1941-1961. Ljósmyndasýningar í Þjóðminjasafninu til 27. nóvember.

ÞÓR Í 18

Þór Vigfússon sýnir til 23. desember í Gallerí 18.

MÁLARI ÍSLANDS Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR

120 ára afmælisýning Kjarvals stendur til 19. mars á Kjarvalsstöðum



BENT Á BERND

Bernd Koberling í Ásmundarsafni til 22. janúar, og Maðurinn og efnið standa til 2006.

GAMLA BÍÓ Á NÆSTA BAR

Sýning um Gamla bíó. Hugmyndir listamanna. Stendur til miðs nóvember á Næsta bar.

KEISARINN Í KÓPAVOGI

Tími Romanov-ættarinnar í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Til 4. desember.

ÞORSTEINN EINANGRAÐUR

Sýning Þorsteins Otta og hins danska ITSO. „ISOLATED“ stendur yfir í Bananananas.

A OG A

Arngunnur Ýr og Amanda Hughen í Gallerí Turpentine.

GRAFÍSK HREYFING OG GLEÐI

Grafíksafn Íslands. Sýning Svanhvítar Sigurlinnadóttur, Hreyfing og gleði, stendur til 13. nóv. Opíð fimmtudaga til sunnudags í hverri viku kl. 14 til 18.

BÖRN PALESTÍNU

Þorsteinn Otti Jónsson opnar kl. 18 á föstudag sýninguna „Börn Palestínu“. Myndirnar á sýningunni voru teknar á ferðalagi hans til herteknu svæðanna í Palestínu árið 2004. Smekkleysa Plötubúð – Humar eða Frægd.

SIRKUS MÆLIR MEÐ Í BÍÓ

AFRICA UNITED

★★★★

Sjaldan er eitt blindskerið stakt, því ekki einungis hefur myndin fengið dræma aðsókn þrátt fyrir góða dóma heldur hefur RÚV rúíð Poppólímenn inn að skinni með því að rukka svo mikið fyrir lagerefni að ekkert er eftir. En hér er síðasti séns til að styðja við bakið á íslenski kvikmyndagerð í þetta skiptið. Áfram Poppólí.



ADAMS ÆBLER

★★★★★

Epli Adams er eins og Romper Stomper slegið saman við I Kína Spiser de Hunde, og útkoman er líklega betri en þær báðar. Dönsku myndirnar á kvikmyndahátíðinni hafa verið upp og ofan og flestar ótextaðar, en þessi skilst vel og stenst samkeppni við flest.



KUNG FU HUSTLE

★★★★

Er fyrst og fremst slappstikk-gamanmynd, en tekst samt að verða meira spennandi en margar spennamyndir þar sem ekki liggur ljóst fyrir frá upphafi hver hetjan sé. Það eru búnar að koma margar absúrd slagsmálamyndir frá Austurlöndum upp í síðkast-ið, og spurning um tíma þangað til einhver gerði grín að þeim. Og gerir það vel.



CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY

★★★★

Tim Burton klikkar seint. Johnny Depp klikkar seint. Saman eru þeir næstum því óklickandi. Þetta er ein af þessum myndum sem fá mann til að óska að maður væri helgarpabbi og gæti farið með börnin í bíó um helgina og gleymt stað og stund (og börnum) í tvo tíma. Fer hver að verða síðastur...



SIRKUS EKKI SÉÐ EN HLJÓMAR VEL:

TWO FOR THE MONEY

Al Pacino sýndi það í Kaupmanninum í Feneyjum að hann er líklega enn besti leikari í heimi, og því er maður til í að gefa honum séns hér. Jafnvel þótt hún hljómi eins og útvötnuð útgáfa af Devil's Advocate. En hvernig stendur á því að Háskólabíó og Regnboginn eru að sýna sömu myndina?



ÍSLENDINGUR ALLT Í ÖLLU HJÁ EUROVISION

KEMUR SAMT HVERGI NÆRRI SÖNGVAKEPPNINI

INGÓLFUR HANNESSON SÉR UM VETRARÍPRÓTTIR FYRIR EUROVISION Í SVISS OG Á Í VANDRÆÐUM ÞAR SEM ÞAÐ ER NÁNAST HÆTT AÐ SNJÓA

Ég hef eiginlega alveg horfið af skjánum,“ segir Ingólfur Hannesson sem margir muna líklega eftir sem íþróttastjóra Ríkissjónvarpsins, en hann hefur búið undanfarin þrjú ár í Sviss. Þar starfar hann fyrir Eurovision, en nafnið nær yfir meira en söngvakeppnina. Það er einnig samband evrópskra sjónvarpsstöðva sem sendir efni um allan heim, og meðal annars er mestallt erlent efni í fréttatíma RÚV frá þeim komið. Ingólfur er fyrsti Íslendingurinn sem starfar hjá þeim og er ábyrgur fyrir vetrar- og innan-hússíþróttum.

VETRARÓLYMPIULEIKARNIR EKKI Á DAGSKRÁ Í FYRRA

„Ég sé um að gera samninga og undirbúning, en ég þarf að sjá til þess að aðstaða fyrir útsendingar sé í lagi á mótum. Ég kem úr Borgarfirðinum þannig að þetta hefur verið ansi langt ferðalag.“ Ingólfur er nú nýkominn frá Noregi sem hefur boðið sig fram til að halda Heimsmeistaramótið á skíðum árið 2011, en næsta mót árið 2007 verður



haldið í Japan og Svíþjóð. Nú fer hins vegar að stytta í Vetrarólympíuleikana sem verða haldnir í Túrín á Ítalíu í febrúar. „Þetta var ekki sýnt að gagni síðast í Ríkissjónvarpinu á Íslandi en það verður bætt úr því núna.“

SKÍÐASVÆÐI Í HÆTTU

En hvernig gengur undirbúningurinn fyrir Ólympíuleikana?

„Þetta eru fyrstu Ólympíuleikarnir sem haldnir eru í Evrópu í rúman áratug, síðan í Lillehammer 1994. Það sem hefur helst breyst er það að hlýnandi loftslag er farið að segja til sín. Snjórinn fer að bráðna fyrr og aurskríður eru aukið vandamál, og það eru búin að vera flóð hérna í Mið-Sviss. Menn eru farnir að líta á þetta sem varanlega breytingu og mörg skíðasvæði eiga á hættu að leggjast af, sérstaklega þau sem eru neðar í brekkunum. Það eiga eftir að verða miklar breytingar á næstu árum og áratugum.“

SKOTIÐ AF SKÍÐUM

Hvaða greinar eiga eftir að verða mest spennandi?

„Það hafa verið miklar breytingar í listdanskautum. Þetta er huglægt mat og því vandamál þegar dómamar og áhorfendur eru ósammála. Á síðustu Vetrarólympíuleikum í Salt Lake City var vitlaust dæmt og upp komst um spillingu og mútur. Nú er farið að beita nýju tölvukerfi og stafrænni tækni þar sem hægt er að bera dansarana betur saman. En skíðaskotfimi er sú grein sem hefur vaxið hraðast. Það er sérstaklega mikill áhugi á henni í Þýskalandi þar sem áhorf hefur tvöfaldast og er nú komið upp í rúmar 500 milljónir, þar sem allt frá fimm ára krökkum upp í níræð gamalmenni fylgjast með. Þetta er fyrsta sportið sem er eiginlega hannað fyrir sjónvarp, þrátt fyrir að eiga sér gamlar rætur á Norðurlöndunum og tengist hermennsku. Það er mjög auðvelt að setja sig inn í þetta og fylgjast með, og það eru fleiri ófyrirséð atriði í þessu en í nokkru öðru, erfiðara að sjá fyrir hver vinnur og þar með meira spennandi.“

En skíðaskotfimi er ekki bara sjónvarpsvæn. „Það er vinsælt að nota skíðaskotmenn sem myndir í farsímum. Nú er verið að þróa símkerfi sem virkar svipað og Napster, sem gerir það að verkum að þú getur sótt myndir úr öðrum vélum, og skíðaskotfimin ýtir undir þessa þróun.“

VG



SNJÓRINN KALLAR Á JIBB

Á meðan margur hefur bőlvað allri snjókomunni sem verið hefur undanfarna daga fagna aðrir. Snjóþrettamenn eru á meðal þeirra sem halda varla vatni yfir snjónum af skiljanlegum ástæðum. Meðal annars hafa þeir undanfarið verið að jibba um allt land en jibb felst í því að búa sér til smá braut með handriði eða öðru slíku til að leika listir sínar. Á heimasíðu Brettafélagsins, www.bigjump.is, hefur m.a. verið efnt til jibb keppni þar sem fólki gefst kostur á að senda inn myndir af sér að jibba og eru vegleg verðlaun frá Oakley búðinni í Smáralind í verðlaun. Kíkið endilega á bigjump.is til að skoða afkrasturinn.



AFRICA

Heimildarmyndin Africa United eftir Ólaf Jóhannesson hefur ekki gengið sem skyldi í kvikmyndahúsum hérlandis. Beðið var eftir myndinni með nokkurri eftirvæntingu, en þrátt fyrir það hafa gestir ekki verið að skila sér í nægilegu magni í bíósalina og því verður sýningum á myndinni hætt nú um helgina. Africa United segir frá innflytjendum hér á landi sem stofna utandeildarlið í knattspyrnu og hefur hlotið talsvert lof og m.a. verið boðið á kvikmyndahátíðir erlendis. Þess vegna er mál að drífa sig í bíó og styðja íslenskt áður en að myndin hverfur á brott.

HERRA ÍSLAND, HJÁLPARTÆKI, SAMBÖND OG METRÓMENN Á DJAMMINU Í REYKJAVÍK

HERRA ÍSLAND

Þann 24. nóvember næstkomandi munum við meistar landsins allar safnast að viðtækjunum í gríðarspenningi að sjá hvaða fóngulegi foli verður kjörinn Herra Ísland árið 2005. Það er að segja þær sem verða ekki í hópi þeirra skríkjandi glöðu kvenna sem eiga miða á herlegheitin;) Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og undanfarin ár, sveinarnir spranga þarna um á boxerunum einum fata, svona fyrir utan sirka tveggja sm brúnkulag sem er búið að sprejja á kroppana. Þessi keppni hefur yfirleitt vakið mun minni athygli en Ungfrú Ísland, sem er mér með öllu óskiljanlegt. Þessi er klárlega mun áhugaverðari þar sem strákar eru yfirleitt meiri keppnismenn en stelpur og innst inni langar þá alla til að halda á blómvendinum og fá koss frá Unni Birnu. Væri fátíðlega gaman að vita hvort það sé svona stráka „bitchfight“ bak við tjöldin, alveg „hey, hann er með stærri upphandleggi en ég, djöfull er hann glataður strákar!!“ Svo fela þeir brúnkukremið og próteinstykkinn hver fyrir öðrum, magnað.

HJÁLPARTÆKI

Nýjasta nýtt hjá vinum mínum hjá Durex er svokölluð hjálpartækjalína. Við stelpurnar erum hrifnar af þeim og fögnum því sjálfsgat. Ekkert nema gott af því að segja;) Hressandi að eiga ágætis dótakassa. En hönnunin á þessu dótí!! Hvað er að fréttar?? Þetta er eins og úr einhverri Star Wars mynd, minnkaðar útgáfur af geimskipum eða eitthvað! Og hundleiðnilegir litir! Þetta er daldið sérstakt, en allar stelpur hugsa mikið um litinn þegar þær velja sér „náttborðsskúffubóddi!“ Veljum oftast bleikan eða einhvern þannig skemmtilegan og fónki lit, bara svona til að hafa

gaman af þessu! En þetta durex dót er alveg sterilt á litinn, eins og sjúkrahúsnariur. Og lögunin skiptir að sjálfsgöðu máli líka. Hver kannast ekki við höfrunginn, eða kanínuna;) Mig langar ekki að fara í rúmið með einhverri geimskutlu, það er ekki sexy.

SAMBÖND

Þú ert nýbyrjuð að hitta strák, hann er heitur, skemmtilegur og kyssir vel. Þið eruð búin að fara út að borða, bíó, þessi pakki allur að baki. Síminn titrar á náttborðinu og það er sms á skjánum. „Ég held að eg se að falla fyrir ter“ Ég er sennilega ekki með eðlilegt sjónarhorn á þetta þar sem ég er með skuldbindingarfóbiu á háu stigi, en það er alveg staðreynd að þrjár af vinkonum mínum hafa lent í þessu að undanförmu og það sama á sér stað í öllum þrem tilvikum. Stelpa panikar og hættir að svara folanum því let's face it. Þetta er skerí!! Þessar stúlkur hafa allar verið í lengri samböndum og hafa verið mjög heitar fyrir manninum fyrir umrætt skilaboð. Ok, spurningin er, eru karlmenn að verða værnari og opnari en áður eða eru stelpur að verða líkari karlmonnum í hugsunarhætti?

METRÓMENN Á DJAMMINU Í REYKJAVÍK

Við skruppum nú aðeins í bæinn á laugardagskvöldið vinkonurnar, svona eins og við gerum nú ööoörsjaldan! Bærin troð-



fullur þó að þetta hafi verið síðasta helgin í mánuðinum, greinilegt að Íslendingar kunna að forgangsraða:D Mjög myndarlegur maður vatt sér að vinkonu minni inni á Oliver og spurði hvort hann mætti ekki bjóða henni í glas. Eitthvað við hann sló mig strax. Gat samt ekki alveg sett fingurinn á það sem ég hafði á tilfinningunni með hann. Hann var mjög myndarlegur, vel klæddur, fallega sólbrúnn og með mjallahvitar tennur, eiginlega það fyrsta sem maður tók eftir við hann. Nú og hann pantar einn Cosmo handa vinkonunni og annan handa sjálfum sér. Þarna fannst mér einhver maður vera í mysunni en sagði þó ekki neitt. Við setjumst niður öll þrjú og spjöllum heillengi og hann er sérstaklega skemmtilegur og myndinn. Í miðjum klíðum gengur annar enn heitari maður að borðinu okkar og heilsar okkar manni hmmm hvað get ég sagt?innilega. Þá var þessi maður að sjálfsgöðu samkynhneigður!! Gay-darinn minn brást mér algerlega í þessu máli og tel ég það vera til marks um það að við stúlkur þurfum verulega að taka okkur á í þessum málum og reyna að læra inná hver er metro og hver er plain gay.)

AÐ LOKUM

Strákarnir á Stöð 2 hafa greinilega orðið dálítið fúllir greynir yfir að hafa verið settir á kalda listann á föstudaginn, því þeir tóku mig aldeilis fyrir í þættinum. Gaman að þeir sjái húmorinn í þessu og við lágum hérna í kasti vinkonurnar yfir þættinum.

Brynja Björk





Hressir, bætir, kætir



...sex ferskar ástæður fyrir Opal – sykurlausum

Gæðu kröfur!



-bragðgóð skemmtun

Bíóveisla

Íslandsbanki kynnir Bíóveislu á Ruby Tuesday

Verslaðu máltíð af bíomatseðli
Ruby Tuesday milli 14 og 18 alla daga
og þú færð bíomiða í kaupbæti.
Tilboðið gildir eingöngu
fyrir félagi í Námsvild
Íslandsbanka.



Waiting...

Ryan Reynolds

Never F@K with the people
that serve you food!

NÁMSVILD



ÍSLANDBANKI | 100%

Frá John Singleton leikstjóra
"2 Fast, 2 Furious" og "Boyz n the Hood"



FOUR BROTHERS

They came home to bury mom
...and her killer

HÖFÐABAKKA 9 • 517 3990 & SKIPHOLTÍ 19 • 552 2211



Öruggastur í sínum flokki

Volkswagen Fox reyndist öruggasti billinn í sínum stærðarflokki í árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur. Prófið er byggt á staðli EuroNCAP og er árangur Fox betri en hjá sambærilegum bílum frá Renault, Toyota, Citroen og Peugeot í samskonar prófum.

Byggt á nýlegu árekstrarprófi ADAC og Autobild.



Nýr Fox

Reynsluaktu Volkswagen

og þú gætir unnið ferð fyrir fjóra í ævintýralandið Autostadt, skemmtigarð í Wolfsburg í Þýskalandi, sem dregur að sér 4 milljónir gesta árlega.

Dregið verður 20. desember 2005

HEKLA kynnir Volkswagen Fox, nýjasta meðliminn í Volkswagen fjölskyldunni. Kraftur og öryggi eru lykilatriðin í hönnun Fox. Hann er rúmgóður, ríkulega búinn og verðið er hreint frábært.

Volkswagen Fox fæst bæði með sparneytinni bensínvél og nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélinni sem gerir hann einstaklega hagkvæman í rekstri.

Komdu og reynsluaktu.

9.900 kr. á mánuði*



Aus Liebe zum Automobil

* m.v. 460.000 kr. útborgun og 84 mánaða bílasamning. Heildarverð 1.180.000 kr.